



Skólanámskrá

Leikskólans í Stykkishólmi



1. útgáfa mars 2008



EFNISYFIRLIT

1. Grundvöllur leikskólastarfs
2. Upplýsingar um Leikskólann og rekstraraðila
 - 2.1. Saga Leikskólans í Stykkishólmi
 - 2.2. Umhverfisstefna Leikskólans
 - 2.3. Forvarnarstefna Leikskólans
3. Markmið Leikskólans - leiðir að markmiðum
 - 3.1. Náms sviðin
 - Hreyfing
 - Málrækt
 - Myndsköpun
 - Tónlist
 - Náttúra og umhverfi
 - Menning og samfélag
 - Tölvur
 - Hátíðir og hefðir
 - 3.2. Leikurinn
 - 3.3. Daglegt líf
 - Aðlögun
 - Að koma og fara
 - Í fataherberginu
 - Matmálstímar
 - Hreinlæti
 - Hvöld
 - Samverustundir
 - Útivera
 - Vettvangsferðir
 - Val
 - Hópastarf
 - Könnunarleikur
 - Elstu börnin
 - Lífsleikni
 - Samskipti
 - Sérþarfir barna
4. Samstarf heimilanna og Leikskólans
5. Samstarfsaðilar
6. Mat á leikskólastarfinu
7. Starfsmannahópurinn



1. Grundvöllur leikskólastarfs

Undirstaða náms í leikskóla er leikurinn, daglegt líf og lífsleikni.

Leikskólinn starfar undir faglegri yfirstjórn Menntamálaráðuneytis og starfar samkvæmt lögum um leikskóla nr. 78/1994 með breytingum nr. 47/2001 og reglugerð um starfsemi leikskóla nr. 225/1995 með breytingum nr. 365/2001 og 642/2002. Í lögum um leikskóla segir m.a. um markmið leikskólastarfs (II.kafli):

2.gr.

Samkvæmt lögum þessum skal meginmarkmið með uppeldi í leikskóla vera:

- að veita börnum umönnun, búa þeim hollt uppeldisumhverfi og örugg leikskilyrði,
- að gefa börnum kost á að taka þátt í leik og starfi og njóta fjölbreyttra uppeldiskosta barnahópsins undir leiðsögn leikskólakennara,
- að kappkosta í samvinnu við heimilin að efla alhliða þroska barna í samræmi við eðli og þarfir hvers og eins og leitast við að hlúa að þeim andlega og líkamlega svo að þau fái notið bernsku sinnar,
- að stuðla að umburðarlyndi og víðsýni barna og jafna uppeldisaðstöðu þeirra í hvívetna,
- að efla kristilegt siðgæði barna og leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, hugsandi, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun,
- að rækta tjáningar- og sköpunarmátt barna í þeim tilgangi að styrkja sjálfsmynd þeirra, öryggi og getu til að leysa mál sín á friðsamlegan hátt.-

Menntamálaráðuneytið gefur út Aðalnámskrá leikskóla. Í henni eru markmið og leiðir sem leikskólar starfa eftir, en útfæra eftir eigin stefnu og áherslum.

Meginmarkmið með leikskóla skal vera „að búa börnum örugg leikskilyrði og hollt uppeldisumhverfi.“ Leikskólinn er réttur barna, en val foreldra. Í leikskólanum fer starfið fram á forsendum barnanna og áhersla er lögð á að efla sjálfstraust þeirra og sjálfsmynd. Einnig er lögð mikil áhersla á skapandi starf og að börnin þroski með sér sína eigin sköpunarhæfni og sköpunarkraft. Hver leikskóli gefur út sína skólanámskrá.

Leikskólinn er fyrsta skólastig barnsins og þar fer kennslan fram í gegnum leikinn. Í leikskólanum er lítið um beina kennslu, heldur eru börnin að æfa sig undir lífið, í gegnum leik. Þau þurfa að taka tillit til annarra, bæði barna og fullorðinna, þurfa að læra að deila með öðrum og skiptast á. Það getur verið mjög erfitt fyrir lítið barn sem sér heiminn út frá sjálfu sér. Börnin læra að vinna í hóp og koma sér saman um lausnir. Þau læra að vinna að sama verkefni í langan tíma, þurfa að skipuleggja tímann og hugsa fram á við. Þau læra að velja sér viðfangsefni og að standa við sitt val. Þau fá holla hreyfingu á hverjum degi og í valinu eru einnig í boði gönguferðir. Leikskólauppeldi kemur aldrei í staðin fyrir foreldra uppeldi, heldur er holl og góð viðbót.



2. Upplýsingar um Leikskólann og rekstraraðila

Leikskólinn heitir Leikskólinn í Stykkishólmi og er við Búðanesveg 2, 340

Stykkishólmi. Netfang: leikskoli@stykkisholmur.is.

Símar: Leikskólastjóri 433-8128, Ás (4-6 ára) 433-8129, Nes (3-4 ára) 433-8131 og Vík (18 mán-3 ára) 433-8130.

Leikskólastjóri er Sigrún Þórsteinsdóttir og aðstoðarleikskólastjóri Elísabet Lára Björgvinsdóttir. Starfsmannafjöldi er að jafnaði um 20 starfsmenn og nemendafjöldi undanfarinna ára hefur verið í kringum 70 nemendur. Leikskólinn er opinn frá kl. 7:40 - 17:15 alla virka daga. Í boði er sveigjanlegur vistunartími, 4 - 9 1/2 tími á dag. Vistunartími hvers barns er sá sami alla daga vikunnar.

Rekstraraðili Leikskólans er Stykkishólmsbær. Fræðslunefnd fjallar um málefni leikskólans. Skólastjórar Leik- og Grunnskólans í Stykkishólmi sitja fundi ásamt áheyrnarfulltrúum úr hópi kennara og foreldra.

Leikskólinn í Stykkishólmi flutti í nýtt húsnæði í janúar 2007. Leikskólinn er fyrir börn frá átján mánaða aldri til grunnskólaaldurs. Starfið fer fram á þremur aldursskiptum deildum. Yngsta deildin, Vík, er fyrir 18 mánaða til 3 ára, Nes er fyrir 3 - 4 ára og elsta deildin, Ás, fyrir 4 - 6 ára börn. Aldursskiptingin fer að nokkru leyti eftir stærð árganga.

Nánast enginn biðlisti er í leikskólann, reynt er að veita börnum leikskólavist eins fljótt og unnt er eftir að þau ná 18 mánaða aldri. Vegna misstórra árganga hverju sinni getur þurft að jafna fjölda barna á milli deilda, svo deildirnar eru ekki alltaf hreint aldursskiptar.

Leikskólinn heldur úti heimasíðu www.stykk.is/leikskoli og þar má jafnan finna nýjustu upplýsingar hverju sinni, ásamt fréttum. Foreldrahandbók er afhent foreldrum í fyrsta viðtali. Í henni má finna hagnýtar upplýsingar um leikskólann og starfið þar, siði og venjur. Handbókin er að jafnaði endurskoðuð tvisvar á ári og er nýjasta útgáfan ávallt tiltæk á heimasíðunni.



2.1. Saga Leikskólans í Stykkishólmi

Það var í byrjun 4. áratugarins að leitað var til reglu St.Franciskussystra og þær beðnar um að taka að sér að reisa og reka sjúkrahús í Stykkishólmi. Þeirri málaleitan var vel tekið og þann 22. júní 1935 komu fyrstu St.Franciskussysturnar til Stykkishólms. Þá höfðu nokkur önnur sveitarfélög reynt að fá þær til sín, en án árangurs.

Systrunum var vel tekið, þó heimamenn sem fæstir höfðu séð klausturfólk áður, væru nokkuð óvissir um það hvernig bæri að umgangast slíkt fólk. Börnin voru þó fljót að taka við sér og fóru brátt að venja komur sínar í klaustrið, þar sem vel var tekið á móti þeim. Segja má að allir hafi notið góðs af þeim heimsóknum. Systurnar kenndu ungu stúlkunum að sauma og lærðu tungumálið af börnunum í leiðinni. Síðan varð það fastur liður hjá börnunum í Hólminum að fara til systranna á sunnudögum, stelpurnar í saumatíma en strákarirnir unnu við smíðar og föndur. Þetta fyrirkomulag hélst alveg til ársins 1970, enda börnum þá farið að bjóðast meira til afþreyingar svo sem sjónvarpið.

Aðalvinna systranna var þó samt sem áður í tengslum við sjúkrahúsið. Reglan hafði byggt stórt svo þó nokkuð af húsnæðinu var ónýtt og reksturinn því dýr. Það varð því úr árið 1940 að systurnar tóku til sín í sumarvistun börn úr Reykjavík, að beiðni Rauðakross Íslands. Það samstarf hélst allt til loka síðari heimsstyrjaldar.

Sumardvalarvistunin var síðan tekin upp að nýju árið 1957 og enn voru það börn af Reykjavíkursvæðinu sem nutu góðs af sveitasælunni. Hér undu þau sér vel í snertingu við náttúruna fjarri skarkala borgarinnar. Það voru aðallega ungar stúlkur úr Hólminum sem störfuðu með systrunum við þessa vistun. Oft komu sömu börnin sumar eftir sumar. Þess eru meira að segja dæmi að dvalarbörn gerðust síðar starfsmenn systranna, bæði við sumardvalarheimilið og spítalann og jafnvel ílengdust hér. Þessi starfsemi var með hléum til ársins 1980 er hún lagðist endanlega niður.

En systurnar létu sér ekki nægja að reka sumardvalarheimilið. Því þann 7. október 1957 var Leikskóli St.Franciskussystra stofnaður. Hann starfaði á veturnar og var ætlaður börnum undir skólaskylduáldri. Jókst þessi starfsemi ört, frá því að vera 12 börn 1957 til þess að vera orðin 60 að tölu árið 1963. Þrengslin voru því orðin mikil og því var ráðist í það 1967 að byggja sérstakt hús samtengt spítalanum til að hýsa leikskólann. Í þeirri byggingu var Leikskólinn þar til í janúar 2007.

Til að byrja með voru aðallega tvær systur sem sáu um leikskólann, Systir Harríet og Systir María Elísabet. En eftir að nýja byggingin var tekin í gagnið kom til landsins frá Belgíu uppeldismenntuð nunna, Systir Lovísa, og tók við rekstrinum. Almennum starfsmönnum fjölgaði einnig ört.

Um leið og sumardvalarheimilið var lagt niður 1980, var Leikskólinn gerður að heilsársskóla. Hann var áfram rekinn af St.Franciskusreglunni en nú með fjárframlagi frá Stykkishólmsbæ. Það fyrirkomulag hélst allt til 1. ágúst 1997 er bærinn tók alfarið við rekstri Leikskólans.



Nafnið „ Spító “ festist fljótlega við barnaheimilið og mun það vera stytting á Spítalaskóli. Eftirminnilegasta minning flestra þeirra barna sem voru á Spító á þessum árum er um Malú. Malú var teiknimyndahetja sem var í miklu uppáhaldi hjá heilli kynslóð. Þegar sýningum lauk, var alltaf hrópað „ meira Malú, meira Malú.....“, hvort sem látið var undan þeim kröfum eður ei.

Fram til 1997 voru starfsmenn leikskólans að mestu leyti ófaglærðir og því reynt að halda námskeið af ólíkum toga þeim til stuðnings. Starfsfólk var ötult við að afla sér upplýsinga frá öðrum leikskólum um til dæmis hópstarf, val og þema og kynnti sér vel Uppeldisáætlun fyrir leikskóla: Markmið og leiðir, þ.e. undanfara þeirrar Aðalnámskrár sem við nú styðjumst við.

Á 40 ára afmæli leikskólans, í október 1997, höfðu aðeins þrír menntaðir leikskólakennarar unnið við Leikskólann í Stykkishólmi fyrir utan Systur Lovísu og þá ekki nema einn í einu og í mjög mislangan tíma. Þannig var Agnes Agnarsdóttir hér árin 1983-1986, Kristín Vilhelmsdóttir 1993-1995 og loks Sigrún Þórsteinsdóttir, leikskólastjóri sem tók til starfa 1. ágúst 1997, þegar Stykkishólmsbær tók yfir rekstur Leikskólans. Við það varð einnig til ný staða í skólanum þ.e. aðstoðarleikskólastjóri, og var Gunnsteinn Sigurðsson þroskaþjálfari fyrstur til að gegna þeirri stöðu. Í kjölfar þess að hér kom menntuð fóstura 1993, kom fyrsti neminn hingað að vori 1994 í verknám og var í tvo mánuði öllum til ánægju og fróðleiksauka. Síðan þá hafa allmargir nemar sótt í að koma í vettvangsnám til okkar og vonum við að áframhald verði á því í framtíðinni.

Fyrsti sérstuðningur við börn hófst haustið 1993 og var honum sinnt af ófaglærðum starfsmönnum í leikskólanum en í nánú samstarfi við þroskaþjálfara sem starfar á svæðisskrifstofu fatlaðra. Þeim börnum sem þurfa á stuðningi að halda fjölgar ört og enn er gott samstarf við svæðisskrifstofuna, auk þess sem Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga hefur nú tekið til starfa, en sérfræðingar hennar koma reglulega í leikskólann.

Við leikskólann er starfandi foreldrafélag og hefur það starfað frá árinu 1989. Fulltrúar í það eru valdir af öllum deildunum þremur og eru aðalmenn 5 talsins og 2 varamenn. Félagið er mjög virkt og heldur fundi sína mánaðarlega. Það hefur einnig haft áheyrnarfulltrúa á stjórnarfundum leikskólans (nú Fræðslunefnd Stykkishólmsbæjar) síðan í mars 1993 og þá um leið fengu starfsmenn Leikskólans sinn fulltrúa. Af föstum uppakomum félagsins má nefna, vorferð út úr bænum, grillveislu á leikskólalóðinni, jólaföndur með foreldrum og fyrirlestra ætlaða foreldrum svo sem um sorg og sorgarviðbrögð barna, tannhirðu barna og um heilsugæslu og ónæmisaðgerðir þeirra. Í dag eru þessir fyrirlestrar yfirleitt í tengslum við aðalfund félagsins í haustbyrjun.

Foreldrafélagið stóð fyrir almennum borgarafundi haustið 1996 og boðaði á hann bæjarstjórn og stjórn leikskólans. Ástæða fundarboðsins var óánægja bæjarbúa með m.a. örar starfsmannabreytingar, vöntun á uppeldismenntuðu fólki í leikskólann og vistunartímann, sem var aðeins 4 stundir. Þetta varð mikill hitafundur og mikil



pressa lögð á stjórnirnar að finna leiðir til úrbóta. Á fundinum var reifuð sú hugmynd hvort ekki væri hægt að styðja við starfsfólk í menntunarmálum. Var þeirri hugmynd vel tekið. Þessi fundur hefur líklega verið kveikjan að þeim breytingum sem urðu í kjölfarið.

Strax næsta haust (1997) voru tveir starfsmenn Leikskólans skráðir til náms í fjarnámi í leikskólafræðum, þær Ásta Valdís Guðmundsdóttir og Elísabet Lára Björgvinsdóttir. Útskrifuðust þær vorið 2001 og starfa enn við skólann. Magðalena Hinriksdóttir hóf síðan diplómunám við KHÍ árið 2000 og útskrifaðist sem aðstoðaleikskólakennari vorið 2002 og leikskólakennari vorið 2005.

Síðustu árin hefur hlutfall fagmenntaðs starfsfólks því aukist til muna og hafa að jafnaði 4-5 leikskólakennarar starfað við skólann í einu. Auk þeirra sem áður hafa verið nefndir störfuðu Ingibjörg Sigurðardóttir hér á árunum 1999-2001, Lóa Björk Hallsdóttir 2001-2003 og Elín Guðrún Pálsdóttir hóf hér störf í desember 2001 og er enn einn af starfsmönnum skólans. Fjöldmargir ófaglærðir starfsmenn eiga langan starfsaldur við Leikskólann og státar hann því nú af stöðugleika í starfsmannamálum.

Með breyttum aðstæðum svo sem lengdum vistunartíma, mat í hádeginu og fjölgun deilda var ljóst að gamla húsnæðið á Austurgötunni uppfyllti ekki lengur þær kröfur sem gera þarf til starfsins, enda ekki byggt með slíkt í huga. Ákveðið var því að ráðast í byggingu nýs leikskóla og var staðsetning hans ákveðin í Tjarnarmýrinni. Skólabyggingin var í hönnun og byggingu á árunum 2005-2006 og var starfsemin flutt um áramótin 2006-7. Fyrsti skóladagur á nýjum stað var 8. janúar 2007 og var þá lóð fullfrágengin og húsið sjálft að mestu leyti, fyrir utan örlítinn lokafrágang. Það eru Arkís ehf., Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf. og Landhönnun slf. sem eru hönnuðir byggingarinnar og lóðarinnar, og byggingaraðili Skipavík hf. Leikskólinn er þriggja deilda, með tveimur inngöngum fyrir börn og einum fyrir starfsfólk. Möguleiki er á stækkun til vesturs um 60 m², þannig að við bætist fjórða deildin. Gert er ráð fyrir að í leikskólanum geti verið 75 börn samtímis, en 100 ef til stækkunar kæmi. Skólinn er 537 m² að brúttó flatarmáli og lóðin 6419 m².

Heimild:

Ægir Breiðfjörð Jóhannsson (Ritstj.), (1996). *Heilbrigðisþjónusta í 60 ár: SFS 1936-1996*. Stykkishólmi: St. Franciskusspítali Stykkishólmi.



2.2. Umhverfisstefna Leikskólans

Leikskólinn í Stykkishólmi hefur í skólastefnu sinni áætlun sem miðar að því að auka menntun og þekkingu og efla virðingu fyrir náttúru og umhverfi lands og hafs. Leikskólinn vill stuðla að góðri umgengni og sjálfbærri nýtingu allra auðlinda og vinna gegn hvers konar mengun og umhverfisspjöllum. Í maí 2006 gekk skólinn til liðs við verkefnið „Skólar á grænni grein“ og þann 30. maí 2007, var Grænfáninn afhentur, af aðilum frá Landvernd.

Helstu markmið Leikskólans eru:

1. Að flokka og minnka sorp.
2. Að flokka og nýta pappír og pappa.
3. Að nota umhverfismerktar hreinsivörur.
4. Að versla sem mest í heimabyggð og lágmarka flutningsvegalengdir með magninnkaupum.
5. Að gera nemendur skólans meðvitaða um náttúruvernd og virka þátttakendur í ferlinu.

Umhverfissáttmáli Leikskólans í Stykkishólmi

Leikskólinn í Stykkishólmi ætlar að leggja sitt af mörkum til jarðarinnar. Það gerum við með því að tileinka okkur umhverfisvæna starfshætti og kenna börnunum að ganga vel um gróður í kringum okkur, gróðursetja og rækta í garðinum við Leikskólann. Að endurnýta pappír, jarðgera matarleifar og nota umhverfismerkt hreinlætisefni.

Þannig læra börnin smátt og smátt að ganga vel um og nýta betur það sem við höfum og að ganga ekki á höfuðstól náttúrunnar.

Leiðir að markmiðum:

- **Endurvinnslunefnd.** Nefndin er skipuð leikskólastjóra, matráði, fulltrúum deilda og foreldra. Endurvinnslunefnd hefur yfirumsjón með jarðgerðarkössum, endurvinnslutunnunni og framkvæmd áætlunarinnar á sinni deild. Nefndin fundar reglulega, fer yfir stöðu mála og upplýsir og kemur með ábendingar á næsta starfsmannafundi þar á eftir. Umhverfisnefnd gefur út fréttabréf til foreldra og skrifar á heimasíðu skólans reglulega til að upplýsa foreldra um starfið. Áætlun um endurvinnslu og umhverfisverndarstarf leikskólans er aðgengileg á heimasíðunni.
- **Umbúðir.** Endurvinnanlegum umbúðum er safnað og þær settar í viðeigandi safntunnur sbr. sorpflokkun Stykkishólmsbæjar eða nýttar undir perlur, málningu og til listrænnar sköpunar eða leiks. „Huppa“ með mjólk í er staðsett í eldhúsi og hver deild nær sér í mjólk úr henni í könnur og því eru umbúðir undan mjólkurvörum í lágmarki.



- **Pappírsvinna.** Blöð sem fara forgörðum, pappi og annar pappír er nýttur í skapandi starf t.d. pappamassa og pappírsgerð. Bylgjupappi, kassar og annar pappír sem ekki nýtist í leikskólanum er settur í grænu tunnuna.
- **Matarafgangar.** Allir matarafgangar eru settir ýmist í brúnu tunnuna eða jarðgerðarkassa (Biodeg) sem svo vikulega eru losaðir í moltugerðartunnuna úti á lóð. Börnin taka virkan þátt í því.
- **Fræðslan til barnanna og þátttaka þeirra er mikilvægur þáttur í endurvinnslu- og umhverfisstefnu leikskólans.**

Börnin:

- flokka matarafganga í þar til gerð ílát.
 - aðstoða við að setja í jarðgerðarkassana og tunnuna og hræra í.
 - eru hvött til að vinna með verðlaust efni í listsköpun sinni.
 - eru virkjuð í flokkun á pappír, kynnast pappírsgerð og notkun pappamassa.
 - kynnast sínu nánasta umhverfi og læra að bera virðingu fyrir náttúrunni og ganga vel um.
- **Innkaup.** Vandað er til vals á pappír og hreinlætisvörum og reynt eftir því sem hægt er að kaupa umhverfismerktar vörur. Einnig að velja það sem hefur í för með sér minnstan flutningskostnað.



2.3. Forvarnarstefna Leikskólans

Starf leikskólans felur í sér forvörn í víðasta skilningi þess orðs.

Markmið:

- Að ala upp jákvæða einstaklinga með sterka sjálfsmynd.
- Að styðja við og efla sjálfræði og sjálfstæði barna.
- Að vinna gegn einelti eða annari félagslegri útskúfun.
- Að tryggja örugg leikskilyrði barna.
- Að tryggja snemmtæka íhlutun varðandi þroskafrávik af einhverjum toga eða slæmra félagslegra aðstæðna.
- Að eiga öflugt og gott samstarf við foreldra/forráðamenn barnanna og veita þeim upplýsingar um uppeldi og umönnun barna.
- Að eiga öflugt samstarf við grunnskóla, tónlistarskóla, heilsugæslu, Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga, lögreglu, og slökkvilið Stykkishólms.

Leiðir:

- Í gegnum daglegt líf í leikskólanum vinnum við að þessum þáttum með því að bera virðingu fyrir einstaklingnum og þörfum hans, með því að efla umburðarlyndi og kristilegt siðgæði barna og með því að vera góðar fyrirmyndir í öllum samskiptum.
- Börnin hafa raunverulegt val í starfinu sem þau síðan læra að axla ábyrgð á. Þar með er stutt við sjálfræði og sjálfstæði þeirra.
- Eftirlitskerfi með húsnæði og lóð leikskólans eykur á öryggi barnanna.
- Lögð er áhersla á virka símenntunaráætlun í Leikskólanum, til að efla faglega þekkingu starfsfólks.
- Greiður aðgangur að sérfræðingum sem starfa við Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga eykur faglega og snemmtæka íhlutun í þau mál sem þess krefjast.
- Árlegir foreldrafundir, foreldraviðtöl, einkasamtöl og fréttabréf, auk fræðsluerinda í samvinnu við foreldrafélag leikskólans eru fastir liðir í starfinu. Heimasíða Leikskólans er einnig mikilvægur upplýsingamiðill.
- Reglulegir fundir milli skólastiga eru haldnir til að tryggja sem mesta og besta samfellu í skólastarfinu, m.a. með verkefninu „Brúum bilið“.

Forvarnarstefna Leikskólans í Stykkishólmi er hluti af forvarnarstefnu Stykkishólmsbæjar.



3. Markmið Leikskólans – leiðir að markmiðum

Leikskólinn leggur aðaláherslu á skapandi starf í sinni víðustu mynd, en með sérstaka áherslu á tónlist og hreyfingu. Umhverfis- og náttúruverndarstarf skipar einnig stóran sess. Starfið tekur m.a. mið af hugmyndafræði Piaget, fjölgreindarkenningu Howard Gardners og kenningu John Deweys „learning by doing“ þ.e. lært með því að framkvæma. Litið er á börnin sem virka, hugmyndaríka og skapandi einstaklinga sem hvert um sig hefur úr sínum hæfileikum að spila. Náms svið leikskólans eru skv. aðalnámsskrá: hreyfing, málrækt, myndsköpun, tónlist, náttúra og umhverfi og menning og samfélag. Undirstaða námsins er leikurinn, daglegt líf og lífsleikni og fer námið fram í fjölbreyttum stundum innan dagskipulags sem lagt er fram að hausti.

3.1. Náms sviðin

Innan náms sviðanna má finna markmið og leiðir sem byggja á því að efla færni barnanna á sem flestum sviðum. Leitast er við að ná fram sem mestri samþættingu náms sviðanna svo úr verði heildstætt og samfellt nám.

Hreyfing

Börn hafa ríka þörf fyrir að hreyfa sig frjálst og óhindrað. Í leikskóla ber því að leggja áherslu á hreyfingu barna og hreyfiuppeldi. Börn tjá sig snemma með hreyfingum, þau skynja líkama sinn og finna styrk og getu. Góð hreyfifærni eykur sjálfstraust barnsins og hreyfing bætir heilsu, snerpu og þol. Líkamlegri áreynslu fylgir hvíld og þar skynjar barnið mun á spennu og slökun.

Markmið:

- Að styrkja sjálfsmynd.
- Veita útrás fyrir hreyfiþörf.
- Efla félags-, tilfinninga- og siðgæðisþroska.
- Auka vellíðan og hreysti.
- Efla námshæfileika (vitsmunaproska).
- Efla líkamsvitund og rúmskynjun.
- Styrkja samhæfingu augna og handa.

Leiðir:

Grófhreyfingar:

- Skipulagðar eru hreyfistundir í sal.
- Boðið er upp á hreyfisvæði í vali 4x í viku.
- Dagleg útivera á krefjandi lóð.
- Gönguferðir um nánasta umhverfi.

Fínhreyfingar:

- Boðið er upp á fínhreyfisvæði í vali 2-4x í viku.
- Frjáls aðgangur er að opnum efnivið sem stuðlar að fínhreyfivinnu s.s. pinnar, perlur, skæri, litir o.s.frv.



Málrækt

Tungumálið er mikilvægasta tæki manna til boðskipta og því ber að leggja áherslu á málrækt. Málörvun er best sinnt í leik barnanna, einnig eru flestir þættir leikskólastarfsins vel fallnir til málörvunar.

Málreynsla barna fyrir lestarnám skipti miklu máli. Sagt hefur verið: „Svo læra börnin málið að það er fyrir þeim haft“. Mörg börn fá málörvun strax á fyrstu ævidögum þegar þau eru hvött til að taka þátt í samræðum með hjali sínu. Það að byrja snemma að fara með vísur og þulur, syngja og segja börnunum sögur er talið skipta miklu máli. Vert er að hafa í huga að **fyrsta lestarkennsla á sér stað þegar litla barnið er tekið í fangið, opnuð bók og rætt um myndirnar.**

Markmið:

- Að börnin stundi markvissa málörvun.
- Að börnin þjálfist í að hlusta.
- Að börnin læri kvæði og þulur.
- Að börnin öðlist færni í málnotkun og tjáskiptum.
- Að byggja undir grunnþætti lestrarferlisins.
- Að efla orðaforða barnanna og málvitund og skilning þeirra.

Leiðir:

- Í leikskólanum er lögð áhersla á lestrarhvetjandi umhverfi, margir hlutir merktir, letur haft sýnilegt og upplýsingar sem nemendur geta nýtt sér hafðar í augnhæð þeirra.
- Börn leika sér með málið - það eykur málvitund þeirra.
- Markvisst er notað „Tákn með tali“ á yngri deildum, í sönglögum og í sérkennslu.
- Yngstu börnin koma með myndaalbúm að heiman með myndum af sér og sínum nánustu. Það skapar tækifæri til umræðna og frásagna.
- Áhersla er lögð á leiki og verkefni er lúta að heyrnrænni aðgreiningu, s.s. hljóðspil, taktur og rím í þulum og söngvum.
- Í daglegum samverustundum er lesið fyrir börnin og þeim sagðar sögur.
- Börnin eru hvött til að semja sínar eigin sögur og ljóð.
- Bækur eru aðgengilegar fyrir börnin og rík áhersla lögð á að þau umgangist þær af virðingu.
- Öll börn frá þriggja ára aldri fá málörvunartíma einu sinni í viku, þar sem m.a. er unnið markvisst með námsefnið „Ljáðu mér eyra“, „Markviss málörvun“ og „Hugur og fluga“.
- Í daglegu starfi s.s. í fataherbergi og við matarborðið er lögð áhersla á málrækt með því að kenna almenna kurteisi t.d. „takk fyrir“, „viltu rétta mér“ og bíða eftir að röðin komi að þeim.
- Á haustin er HLJÓM-2 lagt fyrir elstu börnin, en það er íslenskt aldursbundið próftæki (skimun) í leikjaformi sem kannar hljóðkerfisvitund (hljóð- og málvitund) elstu barnanna í leikskólanum.



Myndsköpun

Börn hafa ríka þörf fyrir að tjá sig með myndmáli, þau eiga auðvelt með að tjá tilfinningar sínar í myndsköpun, sem eflir líka sjálfstraust barnsins. Megináherslu ber að leggja á sköpunarferlið sjálft sem er mikilvægur þáttur í alhliða þroska barna. Ber því að ýta undir sjálfstæða myndsköpun en forðast að láta öll börn vinna eins (*Aðalnámskrá 1999, 23*). Leikskólinn þarf að sjá barninu fyrir fjölbreyttum efnivið og ætla myndsköpun góðan tíma og aðstöðu.

Markmið:

- Að styrkja sjálfsmynd barnanna og efla fagurþroska þeirra og frumkvæði.
- Að börnin fái möguleika til að auðga tjáningarhæfni sína og hugmyndaflug.
- að börnin fái tækifæri til að tjá tilfinningar sínar og vinna úr upplifunum sínum og uppgötvunum.
- Að leggja ríkari áherslu á sköpunarferlið sjálft en afraksturinn og þar með tilfinningu barnanna fyrir eigin sköpun.
- Að kynna fyrir börnunum ýmiskonar efni og aðferðir (tækni), en börnin ákveða sjálf útfærslu verkefnisins.
- Að skapa tækifæri til að sýna öðrum og skoða verk annara listamanna.

Leiðir:

- Í heimastofum barnanna er ávallt aðgengilegur opinn efniviður og áhöld fyrir börnin, bæði í frjálsum leik og skipulögðu starfi.
- Börnin fá tækifæri til að kveikja á forvitni sinni með upplifun af fjölbreyttum vettvangsferðum.
- Hvert barn fær tækifæri til að vinna að myndsköpun amk. einu sinni í viku í fámennum hópum undir handleiðslu kennara.
- Myndlistarsýning er haldin ár hvert í lok skólaárs (í kringum sumardaginn fyrsta), þar sem foreldrum gefst tækifæri til að skoða verk barnanna.
- Útbúið er sérstakt myndlistarhefti (ferilmappa) fyrir hvert barn þegar það hefur leikskólagöngu sína sem inniheldur sýnishorn af teikni- og færniþróun þeirra.



Tónlist

Leikskólaárin eru sérlega mikilvæg fyrir tónlistarþroska barnsins. Kynna þarf fyrir barninu frumpætti tónlistar og fjölbreytileika hennar. Börn eiga að fá ríkuleg tækifæri til að njóta tónlistar og iðka hana. Þar er átt við söng, hreyfingu, hlustun og leik með hljóðgjafa. Söngur er mikilvægur þáttur í daglegu lífi í Leikskólanum og er tónlist undirstöðþáttur í faguruppeldi. Tónlist er af mörgum talin tengjast sterkt grunnþáttum er varða lestrarferli og stærðfræðiskynjun. Sérstök áhersla er því lögð á þá þætti er lúta að lestrarnámi og málörvun, má þar nefna takt, hlustun og hljóðgreiningu.

Markmið:

Að barnið:

- læri fjölbreytta texta og lög.
- geti tengt tónlist og hreyfingu.
- efli með sér einbeitingu og virka hlustun.
- þroski með sér jákvætt viðhorf til tónlistar.
- efli tilfinningu fyrir takti og hljómfalli og öðrum grunnþáttum tónlistar.
- efli mál- tilfinninga- og félagsþroska.
- styrki sjálfsmynd sína í gegnum söng.
- fái tækifæri til að kynnast einföldum hljóðgjöfum.

Leiðir:

- Daglega eru söngstundir á öllum deildum og leitast er við að syngja í tónhæð barnanna.
- Sameiginlegar söngstundir allra deilda eru 2x í viku.
- Einfaldir hljóðgjafar eru notaðir.
- Hlustað er á mismunandi tónlist.
- Ýtt er undir sjálfsprottinn söng og dans.
- Tónlist er fléttuð inn í sjálfsprottinn leik barnanna.
- Börnin eru hvött til að hlusta eftir hljóðum í umhverfi sínu og nýta sér þau í sköpun sinni.
- Börnin eru hvött til að standa upp og syngja einsöng, jafnvel í hljóðnema.
- Kenndar eru gamlar og nýjar vísur, þulur, þjóðlög, bullvísur og þematengd lög sem hafa fjölbreyttan takt og texta í bland.
- Hlustað er á sögur af hljóðbókum.
- Tónlistinni er markvisst fléttað inn í hópastarfið og í daglegt starf t.d. samverustundir og boðið er upp á tónlist í vali.



Náttúra og umhverfi

Þekking á náttúru og fyrirbærum hennar er manningum lífsnauðsynleg þar sem afkoma hans er undir henni komin. Barn þarf að kynna fjölbreytileika náttúrunnar og njóta hennar um leið og það lærir að finna til ábyrgðar gagnvart henni. Í leikskóla ber að fræða börn um náttúruna, umhverfið og verndun þess. Þessu verður best við komið með ferðum í náttúruna þar sem barnið gerir sínar eigin athuganir og vinnur úr þeim eftir getu. Einfaldar eðlis- og efnafræðitilraunir vekja líka áhuga og ánægju.

Markmið:

- Að fræða börnin um náttúruna og þá sérstaklega nánasta umhverfi Leikskólans.
- Að börnin læri að njóta náttúrunnar.
- Að börnin læri að bera virðingu fyrir umhverfi sínu, jafnt því smáa sem hinu stóra og séu læs á það.
- Að starfsfólk temji sér jákvætt hugarfar gagnvart náttúrunni og því sem hún hefur upp á að bjóða.
- Að gera grein fyrir möguleikum í endurvinnslu og virkja börnin til þátttöku.

Leiðir:

Áhersla er lögð á að fylgjast markvisst með nánasta umhverfi og kanna möguleika þess til upplifunar og kennslu. Kynna fyrir börnunum og kenna þeim að njóta útisvæðis við Leikskólann, sem bíður upp á t.d. klappir, tré, runna og blóm. Nánasta umhverfi er mjög fjölbreytt og auðvelt er að fara í ævintýraferðir, s.s. að ganga í háu grasi, klifra í klöppum, kíkja í hesthús og fjárhús og tína mikið af fallegum blómum, skeljum og berjum. Einnig er lögð áhersla á að:

- fræða börnin um árstíðirnar og hvaða breytingar eigi sér stað í náttúrunni samfara þeim.
- börnin læri að sjá ávöxt þess að setja niður t.d. grænmeti/fræ og sjái hvernig það vex og dafnar ef hugsað er um það.
- tína rusl og flokka sorp.
- safna náttúrulegum efnivið og vinna með hann, t.d. í myndlist.
- eiga gott útibú, með pottum og öllu tilheyrandi.
- setja upp tilraunasvæði í vali, þar sem börnin hafa tækifæri til að vinna úr reynslu sinni og svala forvitni sinni.
- virkja börnin í matartímanum og setja afganga í safntunnu.
- fara í stuttar ferðir: Fjöruferðir, hesthúsferðir, fjárhúsferðir, skógarferðir, berjaferðir, jurtatínsluferðir, hljóðsöfnunarferðir og ruslatínsluferðir.
- nýta þau tækifæri sem gefast í samverustundum til fræðslu og umræðna um það sem fyrir augu og eyru ber í ferðum, sögum og söngvum um árstíðirnar, náttúruna, fugla, dýr, steina og sögur sem börnin hafa að segja.
- stefna að því að nota eingöngu umhverfisvottaðar vörur.
- endurnýta pappír og umbúðir.
- taka virkan þátt í sorpflokkun Stykkishólmsbæjar og hafa grænar, brúnar og gráar tunnur til flokkunar.



Menning og samfélag

Leikskólastarf á hverjum stað mótast eðlilega af því umhverfi sem búið er við, atvinnu- félags- og menningarlegu. Leikskólinn þarf líka að taka tillit til mismunandi fjölskyldugerðar og uppruna barnanna og efla tilfinningu þeirra fyrir því að þau tilheyri samfélaginu og séu hluti af því.

Markmið:

- Að börnin kynnist samfélaginu sem þau lifa í.
- Að efla tilfinningu barnanna fyrir því að þau tilheyri samfélagi og séu hluti af því.
- Að börnin læri að í samskiptum manna er nauðsynlegt að temja sér tilteknar reglur sem þarf að virða og fara eftir.
- Að gefa börnunum tækifæri til að taka þátt í þeim menningarviðburðum sem í boði eru.
- Að börnin öðlist þekkingu á uppruna sínum og samfélagi fyrri tíma.
- Að efla vitund barnanna og virðingu þeirra fyrir því hvar þau eru uppalin og um leið viðurkenningu á mismunandi menningu og þjóðerni.

Leiðir:

- Vettvangsferðir eru farnar á vinnustaði og stofnanir svo að börnin fái innsýn í atvinnulíf þess samfélags sem þau lifa í.
- Stuðla að samskiptum við starfsemi utan Leikskólans og nýtingu umhverfisins til vettvangsferða og leikja.
- Norska húsið heimsótt svo að börnin fái að kynnast lífinu eins og það var hér fyrr á dögum.
- Bókasafnið heimsótt þar sem börnin læra að þekkja og nýta sér það sem þar er í boði.
- Börnin taka að hluta til þátt í að setja þær reglur sem ríkja í Leikskólanum.
- Lögð er áhersla á samskipta- og umferðarreglur í ferðum þannig að börnin nái að tileinka sér þær reglur sem ríkja í samfélaginu.
- Börnunum er boðið upp á tónleika, myndlistasýningar, leiksýningar og fleira þegar tækifæri gefast.
- Börnin taka þátt í ýmsum menningarviðburðum í bænum.
- Hafa fána og þjóðhátíðardaga þeirra þjóða sem börnin tengjast sýnilega og skapa tækifæri til að fræðast um menningu annarra þjóða.



Tölvur

Í aðalnámskrá leikskóla (1999, 28) er kveðið á um að tölvur skuli vera í leikskólanum, m.a. til að jafna uppeldisskilyrði barna. Þar sem tölvur verða sífellt stærri þáttur í hinu daglega lífi fólks í nútímasamfélagi, hvort sem litið er til náms eða starfa, þá er nauðsynlegt að börn fái að kynnst þeim. Tölvur geta verið í senn námstæki, efniviður og verkfæri. Ef rétt er að staðið getur tölvunotkun í leikskóla ýtt undir jafningjafræðslu, samvinnu og aukið á ýmsan félagslegan þroska, auk vitsmuna- og hreyfiþroska.

Markmið:

- Að börn kynnist notkun tölva á jákvæðan hátt.
- Að þjálfa samhæfingu líkamans.
- Að ýta undir félags- og vitsmunaproska.
- Að tölvan nýtist sem efniviður í skapandi vinnu.

Leiðir:

- Forrit eru valin af kostgæfni, með það fyrir augum að þau ýti undir almennan vitsmunaproska og sköpunargleði.
- Börnunum er mætt þar sem þau eru stödd og fá þjálfun t.d. í notkun músar.
- Boðið er upp á tölvur í vali og sérstuðningi.
- Í notkun tölva er farið eftir reglum, sem miða að því að börnin hjálpist að og skiptist á um að vinna.

Hátíðir og hefðir

Í íslensku þjóðlífi eru ýmsar hátíðir og hefðir sem börn kynnast og taka þátt í á heimilum sínum, og einnig í leikskólum. Þennan menningararf þarf Leikskólinn að styðja við svo börn geti lært að virða hann. Það styrkir þjóðarvitund þeirra. Í leikskólum eru líka sérstakar hefðir ríkjandi sem gefa tilefni til hátíðahalda, t.d. afmæli barnanna.

Ástæða er til að viðhalda gamalli þjóðtrú sem lýtur t.d. að Grýlu og jólasveinunum, jólakettinum, tröllum, álfum og huldufólki og draugum. Einnig þarf að halda á lofti gömlum táknum s.s. mánaðarheitum og að börn viti af íslenska þjóðbúningnum. Kynna þarf fyrir þeim þjóðsönginn, þjóðsögur og ævintýri og kenna þeim íslensk þjóðlög og barnagætur. Að öllu jöfnu er Leikskólinn lokaður á hátíðardögum en engu að síður ber að fræða börnin um tilefni þeirra.

Markmið:

Að hvert barn:

- þekki sitt þjóðerni.
- viti deili á íslenska fánanum.
- viti hver er forseti landsins.
- öðlist ákveðna þekkingu á þjóðarmenningu og hefðum Íslendinga.
- fái innsýn í aðra menningarheima eins og tók er á, sérstaklega þeirra landa sem börnin tengjast.

*Leiðir:*

Að nýta bókina Saga daganna eftir Árna Björnsson þjóðháttafræðing á einfaldan hátt. Sérstaklega er unnið með eftirtalda daga og viðburði:

- Þjóðhátíðardaginn 17. júní og þjóðhátíðardaga þeirra landa sem börnin tengjast.
- Lýðveldisdaginn 1. desember.
- Dag íslenskrar tungu 16. nóvember.
- Sumardaginn fyrsta og fyrsta vetrardag.
- Sjómannadaginn.
- Jól og páska sem fjalla skal um í anda kristilegs siðgæðis en einnig virða ólík trúarbrögð og viðhorf.
- Afmælisdaga barnanna með því að gefa þeim kórónu. Einu sinni í mánuði er haldin veisla fyrir afmælisbörn og íslenska fánanum flaggað.
- Bolludagur, sprengidagur, öskudagur. Allir fá bollur á bolludaginn, saltkjöt og baunir á sprengidaginn og furðufataball er á öskudaginn og „kötturinn“ sleginn úr tunnunni.
- Þorrablót á bóndadaginn þar sem fram er borinn íslenskur matur að hætti forfeðra okkar.
- Sumarhátíð leikskólans sem haldin er 16. júní, eða næsta virka dag á undan 17. júní.
- Jólball þar sem sýndur er helgileikur, dansað í kringum jólatré og jólasveinar koma í heimsókn.
- Dagur leikskólans 6. febrúar. En þessi dagur var valinn því þá var fyrsta félag leikskólakennara stofnað 1950.
- Afmælisdagur Leikskólans í Stykkishólmi 7. október (stofnaður 1957) og vígsluafmæli Leikskólans 17. febrúar (nýtt húsnæði vígt 2007)
- Ýmislegt fleira s.s. þrettándann og 1. apríl með fræðslu og frásögnum.



3.2. Leikurinn

Á bernskuárum er leikur lífstjáníng barns, ríkjandi athöfn, gleðigjafi og mikilvægasta náms og þroskaleið þess. Leikurinn er því hornsteinn leikskólafarfsins. Leikur barna mótast af hugmyndaauði þeirra og sköpunarmætti, þ.e. hæfni til að sjá ný tengsl, að koma fram með nýstárlegar hugmyndir og víkja frá hefðbundnu hugsanamynstri.

Leikskilyrði og efniviður

Leikur barns endurspeglar reynsluheim þess, þá menningu og samfélag sem það býr í. Allt umhverfi leikskóla hefur áhrif á leik barna og því þarf búnaður og skipulag að vera styðjandi, örva leik barna, frumkvæði þeirra og virkni. Efniviður leikskólans er aðal kennslutæki hans, því er mikilvægt að vanda valið og vera meðvitaður um hverskonar efniviður er valinn. Börnin þurfa tíma til að skipuleggja og setja upp leikinn og þau þurfa samfelldan tíma til að þróa leik sinn og dýpka. Leik er því ætlaður góður og samfelldur tími í dagskipulaginu.

Boðið er upp á:

- skapandi og opinn efniviður þ.e. hvers konar kubba eða annað byggingarefni.
- margbreytilegt föndurefni sem gefur kost á mörgum mismunandi útfærslum og leiðum í vinnu með efnið.
- efniviður sem kallar á rannsóknir og uppgötvanir.
- efniviður sem eflir fínhræfingar.
- að nýta umhverfið í kringum skólann vel til hræfingar ásamt því að eiga góðan efniviður til hræfingar innanhúss.
- efniviður til hlutverkaleikja.

Hlutverk leikskólakennarans í leik barna

Leikskólakennari fylgist vel með leiknum og er ávallt reiðubúinn að örva eða taka þátt á forsendum barnanna. Leikskólakennari þarf að vera næmur á andlegar og líkamlegar þarfir barnsins og fylgjast gaumgæfilega með börnunum í leik. Börn dvelja að öllu jöfnu lengur við leik og störf ef leikskólakennari er nálægur. Návistin veitir barni öryggi og stuðning. Sérhvert barn þarf að fást við viðfangsefni við sitt hæfi. Gæta þarf þess að barn einangrist ekki og aðlagist vel barnahópnum og njóti eðlilegra félagslegra tengsla. Þegar kemur að lokum í frjálsa leiknum þarf kennarinn að gefa börnunum góðan fyrirvara til að ljúka leiknum og ganga frá.

Markmið:

- að börnin öðlist félagslega færni og þroska í samskiptum við aðra.
- að börnin læri tillitssemi og öðlist færni í að leysa ágreining.
- að börnin fái að tjá og vinna úr reynslu sinni og upplifunum í gegnum leikinn.



- að starfsmenn nýti frjálsta leikinn til uppeldisfræðilegra skráninga á þroskaþáttum.
- að kenna barni að greina á milli alvöru og leiks.
- að vekja áhuga, bregða á leik og ekki gleyma leikgleðinni.

Leiðir:

- að litið sé á frjálsta leikinn sem aðal námsleið barnsins.
- að fylgst sé með leik barnanna og hann virtur.
- að útbúa fjölbreytt leikskilyrði þar sem börnin geti leikið sér örugg, ótrufluð og unnið úr sínum hugarheimi og þróað leik sinn.
- að starfið sé skipulagt þannig að börnin hafi nægan samfelldan leiktíma.
- að leikföng og annar efniviður (viðfangsefni) sé aðgengilegur, við hæfi barnanna og í góðu ástandi.
- að starfsmenn séu með börnunum í leik á þeirra forsendum og grípi inn í ef þurfa þykir.
- að vera vakandi fyrir séreinkennum og hegðun til að geta brugðist við í samræmi við það.
- að auka á fjölbreytnina með því að deila efnivið á milli deilda.



3.3. Daglegt líf

Daglegt líf í leikskóla markast af föstum athöfnum sem lúta að líkamlegum þörfum barna og heilsu í bland við fastar stundir eins og hópastarf, val og aðrar samverustundir í misstórum hópum. Daglegt starf leikskólans, eru leiðir sem farnar eru til að ná markmiðum leikskólans, því er mikilvægt að samræmi sé milli leiða og markmiða.

Börnin matast á ákveðnum tímum, þvo sér, hvíla sig og sofa. Dagskipulag er sniðið að þörfum barna, þroska þeirra, aldri, samsetningu barnahóps, dvalartíma og öðrum ytri skilyrðum. Skipulag og ákveðnar tímasetningar á daglegum atburðum gefa leikskólastarfinu festu og tryggja hæfilegan og samfelldan tíma til leikja og skapandi starfs.

Í leikskóla skal rækta alhliða þroska barnsins, hlúa að öllum þroskaþáttum, efla þá og örva samspil þeirra. Lífsleikni og námsgengi barnsins byggist á jafnvægi milli allra þroskaþáttanna.

Það sem haft er að leiðarljósi í daglegu starfi er að:

- samskipti starfsmanna og barna einkennist af gagnkvæmri virðingu, hlýju og ástúð, ásamt gleði og jákvæðni.
- börnin fáí ábyrga og faglega umönnun bæði andlega og líkamlega.
- skapa hlýlegt og gott andrúmsloft þar sem börn læra félagslega færni og samhjálp.
- börnum sé skapaður nægur tími til daglegra athafna svo þau læri smám saman að hjálpa sér sjálf. Þannig er sjálfsbjargarviðleitni þeirra styrkt og sjálfstraust þeirra eykst.
- dagskipulagið sé sniðið að þörfum barna, aldri þeirra og þroska.
- öll börnin séu örugg í leikskólanum og finni að þau skipti máli.
- daglegar athafnir séu notaðar til samræðna og eflingar málvitundar og tjáningar.
- starfsmenn og börn vinni saman, leysi vandamál saman og börnin læri sjálf að bera ábyrgð á eigin hegðun.
- starfsmenn séu jákvæðir, sjálfum sér samkvæmir og muni að það á að vera gaman.



Aðlögun

Í upphafi leikskólagöngu barns þarf að gefa því góðan tíma í að aðlagast leikskólanum. Aðal aðlögunartímabil leikskólans eru í ágúst og maí, en einnig eru aðlaganir í janúar ef aðstæður leyfa. Þessir dagar eru mjög mikilvægir fyrir barnið, foreldra og starfsmenn og geta lagt grundvöll að vellíðan og velgengni barnsins í leikskólanum í framtíðinni. Aðlögun er sá tími þegar nýtt barn kynnist starfsfólki, börnum, venum og húsakynnum leikskólans. Yfirleitt eru nokkur börn saman í aðlögun. Við það skapast ákveðin samkennd með þeim innbyrðis og einnig meðal foreldra þeirra. Aðlögun er ekki einungis aðlögun barnsins, heldur einnig tími fyrir foreldra og kennara til að kynnast og virða fyrir sér uppeldisaðferðir í sameiningu, heima og í leikskólanum. Mikilvægt er að vera með barninu í sinni heimastofu eða á sinni deild eins og hægt er. Ef farið er í hópstarf eða val fylgir barnið sjálfkrafa sínum umsjónarkennara fyrst í stað. Daglegir þættir eins og samvera í sal, tíminn í fataherberginu, hvíld og matartímar, þar sem margir eru saman, eru nýjum börnum oft erfiðir og geta valdið óöryggi. Því er örugg nærvera og traust orð umsjónarkennarans nauðsynleg. Aðlögun er höfð stuttan tíma dagsins fyrst og svo lengd dag frá degi. Stundum getur verið þörf fyrir aðlögunartíma eftir langa fjarveru barnsins úr leikskólanum.

Markmið með aðlögun er:

- að börnin fái tíma til að kynnast umhverfinu, börnunum og starfsfólkinu og taki lítil skref í einu til að kynnast þessum nýja heimi, þar til allt umhverfið verður þeim kunnuglegt og traustvekjandi.
- að foreldrum finnist þeir skilja börnin sín eftir í öruggum höndum að aðlögun lokinni og treysti starfsfólki fyrir börnunum sínum.
- að foreldrar kynnist starfsfólki og starfsemi leikskólans.
- að aðlaga börnin í hópum á milli deilda eftir að þau hafa kynnst nýju deildinni í gegnum ýmiskonar starf s.s. söngstundir, val og ýmsar stuttar heimsóknir.

Fyrirkomulag aðlögunar barna sem byrja í leikskólanum:

- Heimsókn foreldra án barns, gengið frá umsókn og fyrsta viðtali. Kynning á leikskólanum.
- Skipulag aðlögunar afhent foreldrum.
- Sami starfsmaður hafi yfirumsjón með barni á meðan aðlögun stendur yfir.
- Foreldrar kveðji börnin sín, en láti sig ekki hverfa án þess að þau viti.
- Ef um eldri (leikskólavön) börn er að ræða skal aðlögun metast út frá hverju tilfelli fyrir sig.

Fyrirkomulag aðlögunar barna á milli deilda:

- Foreldrar fá bréf heim um aðlögun með viku fyrirvara.
- Börnin fara í aðlögun í litlum hópum og tekur hún 2-4 daga eftir aldri.
- Starfsmaður af „gömlu“ deildinni hefur umsjón með aðlöguninni og fylgir börnunum milli deilda.



- Börnin flytja með innihald skúffu sinnar af gömlu deildinni á nýju deildina sína og fara þá einnig „með viðhöfn“ og flytja fötin sín frá gamla hólfinu sínu í fataherberginu að nýja hólfinu sínu sem tilheyrir nýju deildinni. Börnin hjálpa til við þessa athöfn og fá að velja sér hólf og skúffu, ef hægt er að koma því við.

Að koma og fara

Barn þarf að finna að það sé velkomið þegar tekið er á móti því á hverjum degi í leikskólanum og að nærvera þess skipti máli. Það getur haft áhrif á líðan barnsins allan daginn. Kveðja skal sérhvert barn og foreldri þess þegar það er að búast til heimferðar.

Markmið:

- Að börnin séu örugg og velkomin í leikskólann á hverjum degi.
- Að börnin fari sátt heim og hlakki til að koma næsta dag.
- Að börnin finni að þau skipti máli fyrir starfsmenn bæði þegar þau koma og fara.
- Að skapa góð samskipti milli foreldra og starfsmanna.

Leiðir:

- Tekið er hlýlega á móti börnum og foreldrum bæði í upphafi og lok dags.
- Hverju barni er heilsað með nafni og það boðið velkomið í leikskólann þegar það kemur.
- Börnunum er gefinn tími til að kveðja foreldra sína í ró og næði, en starfsmaður er til staðar til að taka við þeim með mismunandi þarfir þeirra í huga.
- Að degi loknum er barnið kvatt með hlýlegri kveðju.
- Gefa foreldrum tækifæri til þess að sjá börnin í leik, ef tækifæri gefast, og því ekki kalla of fljótt á þau þegar þau eru sótt.

Foreldrum ber að fylgja barni sínu inn á deild og skilja ekki við það fyrr en starfsmaður hefur tekið við því. Einnig að taka ekki barn sitt úr leikskólanum án vitundar starfsmanna.



Í fataherberginu

Í fataherbergjum leikskólans fara mikil samskipti fram á degi hverjum og þar fer fram mikilvægt uppeldisstarf. Börnin þurfa flest einhverja aðstoð við útifötin og auka ber kröfurnar eftir aldri þeirra og þroska. Stefnt er að því að börnin læri smám saman að klæða sig sjálf. Þannig er sjálfsmynd þeirra styrkt og sjálfsbjargarviðleitni eflað. Sjálfræði barna ber að örva og virða og er fataherbergið góður vettvangur til þess. Börnin læra hjálpssemi, að sýna hvert öðru tillitssemi og að ganga snyrtilega frá fatnaði sínum. Fataherbergið er einnig upplagður vettvangur til náms á ýmsum þáttum umhverfisins, hugtökum og heitum.

Markmið:

- Að örva börnin til sjálfsbjargar.
- Að börnin beri virðingu fyrir öðrum, eigum sínum og annarra.
- Að elstu börnin geti klætt sig án aðstoðar.
- Að börnin þekki heiti fatnaðarins og í hvaða röð best er að klæða sig.
- Að börnin læri að meta hverju þau klæðast eftir veðri.
- Að börnin læri samhjálp og góða umgengni.
- Að leggja áherslu á að nota stundir í fataherberginu til að ná góðu sambandi við hvert barn og þjálfva ýmsa færniþætti í leiðinni.
- Að skapa hlýlegt og gott andrúmsloft.
- Að temja sér samskipti án hávaða.
- Að kenna börnunum að bíða þar til kemur að þeim að fá aðstoð.

Leiðir:

- Börnin eru hvött til að klæða sig smám saman meira sjálf eftir því sem aldur og þroski leyfir.
- Börnunum er kennt að ganga frá eftir sig í fataherberginu og kröfur eru auknar eftir því sem þau eldast.
- Farið er með litla hópa í fataherbergið hverju sinni, ef aðstæður leyfa og börnunum gefinn góður tími og tilsögn.
- Í fataherberginu fara fram heimspekilegar samræður s.s. samband milli veðurs og klæðnaðar og almennt spjall um lífið og tilveruna, hugtök og heiti.
- Börnin eru hvött til að aðstoða hvert annað og sýna hvert öðru tillitssemi.

Matmálstímar

Matmálstímar og borðhald hafa margvísleg uppeldisleg gildi. Þar gefast dýrmæt tækifæri til að kenna börnunum almenna kurteisi, hreinlæti og mannasiði. Stefnt er að því að börnin taki eins mikinn þátt í borðhaldi og þroski þeirra leyfir.

Kennari situr til borðs með börnum, er þeim góð fyrirmynd og skapar með því festu og ró. Þannig gefst tækifæri til að styrkja góða borðsiði og til að spjalla við börnin. Þegar börn hafa náð nægum þroska hjálpa þau til við undirbúning máltíða og frágang að máltíð lokinni. Það styrkir félagsvitund barna og þau læra að meta gildi samhjálp. Farið er eftir viðmiðunarramma varðandi sérþæði eða einstaklingsþæði



þar sem þörf er á og fá börn með ofnæmi eða óþol skilyrðislaust fæði samkvæmt leiðbeiningum.

Markmið:

- Að skapa þægilegt andrúmsloft, festu og öryggi.
- Að börnin aðstoði við undirbúning og frágang fyrir og eftir matinn, eins og kostur er.
- Að börnin fái hollan og fjölbreyttan mat ásamt því að ræða um matinn og hollustu hans.
- Að börnin læri góða borðsiði s.s. hreinlæti, þakka fyrir sig, biðja kurteislega, sitja rétt við borðið og aðstoða hvert annað.
- Að börnin verði sjálfbjarga við máltíðir.
- Að börnin læri að nota borðbúnað rétt.
- Að börnin læri smám saman að meta sína eigin matarþörf, skammti sér sjálf og standi við ákvarðanir sínar.
- Að skapa samræður við matarborðið.
- Að matmálstímar verði ánægjuleg samvera.
- Að börnin verði meðvituð um mikilvægi endurvinnslu matarafgangna.

Leiðir:

- Hvert barn hefur sitt ákveðna sæti. Börnin ganga frá eftir sig og sitja við matarborðið þar til allir eru búnir að borða. Þau fá að aðstoða við að leggja á borð „vera þjónn“ eða umsjónarmaður hvers borðs. Einnig fá þau það hlutverk að bjóða hinum börnunum til borðs.
- Hvatt er til hreinlætis í kringum matmálstíma. Þjónar þvói sér áður en þeir fara að leggja á borð. Börnin þvói sér fyrir og eftir matmálstíma og temji sér góða umgengni með mat og áhöld.
- Til að börnin venjist sem fjölbreyttastri fæðu eru þau hvött til að smakka allan mat, fá sér lítið í einu og klára matinn ef þau skammta sér sjálf.
- Börnin eru hvött til að skammta sér sjálf, smyrja brauðið og hella í glasið og nota hnífapör rétt.
- Tækifæri sem gefast við matarborðið eru notuð til að spjalla saman, örva börnin í að tjá sig t.d. á heimspekilegan hátt um daginn og veginn eða til þess að efla málvitund.
- Kennarar eru leiðbeinandi um hvað er hollt og hvað ekki, eru góðar fyrirmyndir og sýna gott fordæmi.
- Börnin nota tákn með tali eða myndir til að kynna matinn.
- Lögð er áhersla á að matseðillinn sé vel saman settur í samræmi við viðurkenndar næringarþarfir barnanna.
- Allir matarafgangar eru settir í söfnunarílát fyrir endurvinnslu.



Hreinlæti

Mikilvægt er að börnunum sé hjálpað við að tileinka sér almennar hreinlætisvenjur á þann hátt að þau þroski jafnframt með sér heilbriggt viðhorf til sjálfs sín, líkama síns og sérstöðu. Í leikskólanum er lögð áhersla á að styrkja hreinlætisvenjur barnsins. Það er einstaklingsbundið hvenær börn ná þeim þroska að halda sér hreinum og þurrum. Almennt ná þau stjórn á þessu að deginum til á aldrinum 2-3 ára en á næturnar u.þ.b. 3-4 ára. Fram til þess tíma að börnin ná tökum á þessum hreinlætisvenjum bera kennarar ábyrgð á því að börnin séu þurr og hrein. Markmiðið er að börnin nái valdi á hreinlætisvenjum og beri ábyrgð á þeim þegar þau hafa þroska til. Gott er að stuðla að reglulegum ferðum á salerni, sérstaklega meðal yngri barnanna. Þegar þau eldast þarf að reyna að gera þau meðvituð um aðstæður.

Markmið:

- Að skapa rólegar aðstæður til salernisferða þannig að börnunum finnist þau örugg þegar þau fara á salerni.
- Að börnin fái það næði sem þau þurfa og beri virðingu fyrir annarra næði við salernisferðir.
- Að hvetja börnin til sjálfstæðis.
- Að kenna börnum almennar hreinlætisvenjur.

Leiðir:

- Börnin eru hvött til að fara á salerni áður en þau fara í útiveru og fyrir matmálstíma, að öðru leyti þegar þau finna hjá sér þörf.
- Áhersla er lögð á að börnin fái tilfinningu fyrir líkamlegum þörfum sínum.
- Á yngstu deildinni er barnið örvað markvisst til salernisferða í samvinnu við foreldra.
- Áhersla er lögð á að fjögurra og fimm ára börn geti tekið ákvörðun sjálf um salernisferðir.
- Börnin eru frædd um mikilvægi hreinlætis og því fylgt eftir.
- Börnin eru hvött til að þrifa sig eftir salernisferðir og þvo sér fyrir og eftir máltíðir og eftir útiveru. Einnig eru þjónar hvattir til að þvo sér áður en farið er að leggja á borð.
- Tekið er vel á öllum óhöppum sem verða, með virðingu í huga og koma þar með í veg fyrir sektarkennd hjá börnunum.
- Starfsfólki ber að tileinka sér góðar hreinlætisvenjur og eiga kost á að nota einnota hanska við bleiuskipti.
- Fylgst er vel með þvottaklútum og handklæðum og skipt reglulega um.
- Á yngri deildum er skráð niður hvenær skipt er á bleium.



Hvíld

Nægjanlegur og reglulegur svefn og góð hvíld er öllum börnum nauðsynleg, ekki síst fyrstu ár ævinnar þegar vöxtur og þroski er hvað örastur. Svefn- og hvíldartímar eru því nauðsynlegir í leikskólanum til að tryggja andlega og líkamlega vellíðan barnanna. Hvíldartími gefur tækifæri til að skapa tengsl við hvert einstakt barn og barnahópin sem heild. Samráð er haft við foreldra um tilhögun hvíldar, þ.e. lengd svefntíma og fleira.

Markmið:

- Að börn sem þurfa á svefni að halda að degi til fái hann til að tryggja andlega og líkamlega vellíðan þeirra.
- Að börn sem ekki þurfa svefn fái hvíld yfir daginn til að endurnýja orku sína og skapa ró í hópnum.
- Að skapa tengsl við hvert einstakt barn og barnahópin í heild.

Leiðir:

Börn sem sofa fá dýnu, kotta og teppi og er létt á klæðnaði þeirra. Lagst er með þeim inn í hvíldarherbergi. Áhersla er lögð á að skapa rólegar aðstæður þegar börnin eru að fara að sofa. Komið er til móts við hvert barn eins og þörf er á eins og t.d. að sum eru með snuð og/eða eru vön að sofna með bangsa.

Í hvíldartíma er börnunum skipt niður eftir aldri. Yngstu börnin sofa en eldri börnin eiga rólega stund saman t.d. hlusta á sögur eða tónlist þar sem leitast er við að skapa ró og yfirvegum í barnahópnum.

Stefnt er að því að börn fái næga hvíld og eftirfarandi haft í huga:

- Í hvíldartíma er kennarinn þannig staðsettur að hann geti fylgst með öllum börnunum.
- Mikilvægt er að börnin eigi sinn fasta hvíldarstað (sérstaklega yngstu börnin). Sum börn þurfa meiri nálægð við fullorðna en önnur.
- Í hvíld hjá yngri börnum hafa börnin gjarnan fylgihlut og/eða snuð.
- Ef notað er hljómtæki er það stillt lágt og spiluð róleg tónlist eða sögur af geisladisk eða snældu. Einnig eru sagðar sögur, raulað eða sagðar loðtöflusögur.
- Til að koma í veg fyrir óþarfa umgang og truflun eru börnin hvött til að fara á salerni áður en hvíld byrjar. Það starfsfólk sem ekki er í hvíld tekur tillit til hvíldartíma og forðast óþarfa umgang og ónæði. Það á einnig við um foreldra sem hugsanlega sækja börn sín í kringum hvíldartíma. Hvíldina ber að virða sem nauðsynlegan þátt í amstri dagsins.



Samverustundir

Barn á að fá margvísleg tækifæri til að njóta samverustunda og gleðjast með öðrum. Þar gefst tækifæri til samræðna sem byggja á opnum spurningum og upplagt að hvetja börn til að færa rök fyrir máli sínu. Þar er lesið fyrir börnin efni sem hæfir aldri þeirra og þroska og sagðar sögur og ævintýri. Hópsöngur eykur einnig samkennd barna. Í samverustundum gefst gott tækifæri til að styrkja sjálfsmynd og sjálfstraust barnanna, með því að þjálfva þau í að koma fram fyrir hópinn. Samverustundir geta verið kærkomin hvíld ef áhersla er lögð á kyrrð og ró í hópnum.

Markmið:

- Að skapa ró og tækifæri til að eiga notalega stund saman.
- Að hafa samverustundir fjölbreyttar.
- Að börnin læri að sitja saman í hóp og virða hvert annað.
- Að börnin læri að hlusta hvert á annað og að tjá sig með umræðum og skoðanaskiptum.
- Að efla með börnunum kjark og þor til að tjá sig og syngja fyrir hópinn.
- Að börnin séu frædd um það sem er á döfni í leikskólanum.
- Að börnin læri að hlusta á sögur og ævintýri og geti notið þeirra.
- Að börnin læri vísur, ljóð og þulur.
- Að börnin fari eftir reglum og læri að sitja kyrr þegar þess er krafist.
- Að vinna með námssvið leikskólans s.s. tónlist og málrækt.
- Að kynnast ólíkri menningu milli landa.
- Að samverustundir efli málþroska og hugtakaskilning barnanna.
- Að samverustundir efli m.a. tjáningu og sönggleði barnanna og áhuga þeirra fyrir lestri.

Leiðir:

- Börnin séu ekki fleiri en svo í hóp að kennarinn nái vel til allra.
- Kennarinn sé tilbúinn með allt efni svo ekki myndist bið sem skapar óróleika í hópnum.
- Ávallt sé efni og lengd samverustunda miðuð við aldur og þroska barnanna.
- Börnunum er skipt í hópa eftir aldri sem auðveldar þeim að geta tekið þátt í samverustundinni og eiga í samskiptum við jafnaldra á jafnréttisgrundvelli.
- Unnið er með grunnþætti tónlistarinnar s.s. styrk, hraða, rýtma og blæbrigði á fjölbreyttan hátt í söng, vinnu með einfalda hljóðgjafa, hlustun og hreyfingu. Inn í þetta fléttast svo hin námssvið leikskólans.
- Boðið er upp á fjölbreytt form eins og að starfsmenn lesi bækur, segi ævintýri, segi sögur frá eigin brjósti, segi loðtöflusögur, noti „Tákn með tali“, handbrúður og spili hljóðsnældur.
- Börnin eru hvött til að tjá sig um daginn og veginn, segja brandara eða frá upplifunum sínum.



- Áhersla er lögð á að hvert barn fái a.m.k. 1-2 samverustundir daglega, eftir dvalartíma þeirra og að sami kennari lesi fyrir hóp í a.m.k. viku í senn. Það eykur mökuleikana á framhaldssögum og betri yfirsýn yfir lestrarefnið.
- Söngstund er á hverjum degi fyrir öll börn, þar eru börnin hvött til samsöngs. Söngtextar eru valdir eftir aldri og þroska barnanna og sem hæfa hverri árstíð og þemanu hverju sinni.
- Tækifæri eru nýtt til samræðna sem byggja á opnum spurningum og börnin hvött til að færa rök fyrir máli sínu. Einnig eru þau þjálfuð í að koma fram.
- Sameiginlegar söngstundir eru tvisvar í viku, fyrir hádegi á föstudögum og eftir hádegi á miðvikudögum. Þá hittast deildirnar í Mostraskeggi, sal leikskólans.



Útivera

Hreyfing og útivera eru samtengdir þættir. Leikvöllurinn er vel fallinn til alls konar hreyfileikja, bæði sjálfsprottinna og skipulagðra. Útivera býður upp á mikið nám og því er mikilvægt að útisvæðið sé skapandi og fjölbreytt. Kennarar hvetja til leikja ef þarf, hópleikja og hreyfileikja, með eigin þátttöku. Þeir þurfa ætíð að hafa gott auga með börnunum og góða yfirsýn. Mikilvægt er að barn verði ekki afskipt. Í Leikskólanum líta starfsmenn á útivist barnanna sem jafn mikilvægan uppeldisvettvang og aðra starfsemi innanhúss. Starfsmenn bera ábyrgð á því að leikföng sem sett eru út skili sér aftur í geymslu.

Markmið:

- Að börnin fái að hreyfa sig eins og þau hafa þörf fyrir.
- Að börnin fái útrás fyrir hávaða og ærsl.
- Að hvetja börn til að hreyfa sig og reyna þannig á þrótt og úthald þeirra.
- Að börnin verði örugg í útiveru.
- Að hvetja börnin til hreyfileikja, bæði sjálfsprottinna og skipulagðra uppbyggjandi leikja.
- Að gera útiveru eftirsóknarverða.
- Að börnin læri virðingu og ábyrgðarkennd fyrir umhverfi sínu.
- Að börnin tileinki sér tillitssemi við aðra og virðingu í blönduðum aldurshópi.
- Að börnin skynji umhverfi sitt með öllum mögulegum leiðum.

Leiðir:

- Börnin fá tækifæri til að velja sér viðfangsefni og leikfélaga eins og þau hafa löngun til.
- Áhersla er lögð á að börnin klæði sig þannig að klæðnaður hindri ekki hreyfingar þeirra.
- Áhersla er lögð á að börnin læri að bera virðingu fyrir leiktækjum, leikföngum og umhverfi sínu.
- Börnin eru hvött til að aðstoða við að taka saman leikföngin.
- Oftast eru starfsmenn af deild barnanna með þeim í útiverunni. Starfsmannafjöldi miðast við barnafjöldann hverju sinni og að starfsmenn hafi góða yfirsýn yfir leiksvæðið.
- Öll börn fái tækifæri til að njóta daglegrar útivistar við örugg leikskilyrði.
- Að nota útivistina til að kenna börnunum ýmsa útileiki.
- Að starfsmenn hafi vakandi auga fyrir hugsanlegum árekstrum á milli barnanna.
- Að börnin læri að meta íslenska veðráttu á jákvæðan hátt.
- Börn fá merki um það tímanlega, að útiveru sé að ljúka, svo að þau geti lokið leik sínum og tekið saman.



Vettvangsferðir

Börn fá snemma áhuga á nánasta umhverfi sínu og áhuga þeirra og eftirtekt ber að efla. Til að víkka áhugasvið þeirra og sjóndeildarhring er farið í skoðunarferðir í nágrenni Leikskólans og margvíslegar heimsóknir. Umhverfi Leikskólans er vel nýtt til gönguferða, leikja, náttúruskoðunar og hvers konar rannsókna. Vettvangsferðir má tengja við þema Leikskólans, einnig geta hugmyndir að þemaverkefni kviknað í vettvangsferðum og er því partur af hópastarfinu. Börn þurfa að kynnast umferðinni og læra hegðunar- og umferðarreglur jafnskjótt og þau hafa þroska til. Stærð hópsins í vettvangsferðum þarf að miðast við aldur og samsetningu hópsins. Börnin mega ekki vera fleiri en svo að hægt sé að tryggja öryggi þeirra.

Markmið:

- Að víkka áhugasvið barnanna og sjóndeildarhring.
- Að kynna fyrir börnunum og vekja áhuga þeirra á umhverfi Leikskólans og næsta nágrenni, þ.m.t. fjörunni, skógræktinni og frístundabúskapnum, eftir því sem aðstæður leyfa.
- Að börnin læri ákveðna framkomu og samskipti við fólk utan Leikskólans.
- Að börnin tileinki sér viðurkennda hegðun og umgengni á vettvangi.
- Að efla þrek og þol með gönguferðum.
- Að kenna börnunum að passa sig á bílunum og algengustu umferðarreglurnar.

Leiðir:

- Ferðirnar eru undirbúnar vel, t.d. með umræðu í samverustundum og úrvinnslu með ýmsum verkefnum í lokin svo þær verði markvissari.
- Farið er í mislangar, fjölbreyttar gönguferðir eftir tilgangi og aðstæðum.
- Spjallað er við börnin um það sem fyrir augu ber til að vekja athygli þeirra á náttúrunni og umferðinni, formum, litum, götumerkingum (lestrarhvetjandi), hljóðum, breytingu á gróðri og fleiru.



Val

Val er fjórum sinnum í viku og er umgjörð um frjálstan leik barnanna. Þar geta börnin valið um ýmis svæði eða viðfangsefni og æfast í því að standa við sitt val og að bíða, því ekki er alltaf laust pláss í því sem þau vilja. Börnin fá, auk þess að velja sér svæði og efnivið, tækifæri til að velja sér félag og jafnvel kennara til að vinna með. Valsvæðin hverju sinni eru 4-8 talsins, allt eftir því hversu mörg börn og starfsmenn er um að ræða í það skiptið. Í valið fara öll börn á Nesi og Ási og blandast þá deildirnar, en einn starfsmaður er á hverju svæði.

Valkerfi byggir á þeirri hugmynd að barn læri af eigin áhugahvöt. Auk þessa sameiginlega vals, gefst börnunum annað slagið tækifæri til að velja ákveðin svæði og efnivið innan deildar sinnar. Í vali gefst barni kostur á að efla sjálfræði sitt og sjálfstraust með því að læra að taka ákvörðun og standa við hana. Þar starfar barnið síðan með öðrum börnum sem velja það sama í það skiptið og eykur þar félagslegan þroska sinn og lífsleikni. Kennarar skrá vals svæði barnanna svo unnt sé að fylgjast með áhugasviðum þeirra og leita leiða til að víkka sjóndeildarhring þeirra ef þörf krefur. Þegar barn hefur valið svæði samkvæmt valkerfi hefur það jafnframt valið þá möguleika sem svæðið býður upp á.

Markmið:

- Að barnið hafi frumkvæði í leikjavali.
- Að auka úthald barnsins.
- Að auka framboð verkefna.
- Að styrkja eða stuðla að vináttusamböndum.
- Að valið sé rammi um frjálsta leikinn.
- Að börnin hafi möguleika á að velja sér verkefni í samræmi við áhuga sinn.
- Að börnin læri að leika sér bæði með eldri og yngri börnum.
- Að börnin efli með sér sjálfstæði.
- Að börnin kynnist öðrum deildum, börnum og kennurum. Þar með eflist samvinna og aðlögun barna á milli deilda verður auðveldari.
- Að barnið læri að taka ákvörðun og standa við hana.
- Að barnið læri að ef eitthvað svæði er fullt, þá verði það að sætta sig við að velja annað í það skiptið.

Leiðir:

Börnin fara í val einu sinni til fjórum sinnum í viku eftir því hversu lengi þau dvelja í leikskólanum. Þau eru hvött til að standa við ákvörðun sína í valinu í samræmi við þroska þeirra, til að skapa öryggi og festu. Starfsmenn fylgja því eftir að börnin flakki ekki á milli vals svæða. Valteppi er notað til að gera valið skýrt fyrir börnunum. Valteppið er myndrænt og lestrarhvetjandi. Börnin velja með því að ná í spjald með nafninu sínu og læra þannig fljótt að þekkja nafnið sitt. Þegar börnin hafa öðlast öryggi og aðlagast vel, fer kennarinn að skipta minna máli. Ef börnin vilja festast á einu svæði getur þurft að kynna önnur svæði fyrir þeim og hugsanlega hjálpa þeim þannig við að velja annað.



Hópastarf

Hópleikir og hópastarf eru mikilvægir þættir í leikskólastarfi. Barn þarf að læra að leika sér og starfa í barnahópi sem það tilheyrir. Í hópi jafnaldra öðlast barn margþætta félagslega reynslu og fær tækifæri til að láta til sín taka, eiga frumkvæði, leika sér og starfa og deila gleði með öðrum. Í hópleikjum öðlast barn skilning á gildi samvinnu og þroskar með sér samkennd og ábyrgðartilfinningu. Heilbriggt hópastarf örvar þroska einstaklings, þroski einstaklings auðgar starf hópsins sem heildar. Leikskólinn á að taka tillit til þarfa hvers einstaks barns svo það fái notið sín í hópi annarra barna á eigin forsendum.

Markmið:

- Að börnin læri að vinna saman í hóp og taki tillit til hvers annars.
- Að börnin fái tækifæri til að vinna saman að fjölbreyttum verkefnum og þjálfra einstaka þroskaþætti.
- Að börnin fari eftir reglum, þjálfist í að rökstyðji mál sitt og beri virðingu fyrir skoðunum annarra.
- Að börnin öðlist öryggi innan hópsins og læri að takast á við verkefni sem lögð eru fyrir.

Leiðir:

Ákveðið þema er valið fyrir veturinn, eða styttri tíma, og á elstu deildinni er unnið eftir könnunaraðferðinni. Leitað er leiða til að samþætta námssvið Leikskólans. Börnunum er skipt í hópa eftir aldri og ræður aldurssamsetningin stærð hópsins. Hópurinn helst sem mest óbreyttur með sama kennara allan veturinn. Þannig öðlast hvert barn öryggi og festu innan hópsins. Með því að hafa hópana litla og aldursskipta næst betri árangur í starfi og auðveldara er að leggja fyrir þá verkefni við hæfi. Einnig er auðveldara að sjá hvort um einhver frávík er að ræða hjá einstöku barni.

Auk þessara þemastarfshópa er einnig unnið með börn í smáum hópum í málörvun, könnunarleik yngstu barnanna og sérverkefnum elsta árgangsins. Mikilvægt er að:

- kennarinn sé vel undirbúinn svo hægt sé að hefjast handa strax.
- hafa skýrt og afmarkað form við upphaf og enda tímans.
- starfsmaður hafi tækifæri til að hafa góða yfirsýn og fylgjast sérstaklega með ákveðnum hópi barna og gera athuganir og skráningar á einstökum þroskaþáttum þeirra.



Könnunarleikur

Yngstu börn Leikskólans taka þátt í könnunarleik, í litlum hópum. Könnunarleikur nefnist á ensku "Heuristic Play with Objects". "Heuristic" er að uppruna gríska orðið "eurisko" sem þýðir að uppgötva eða öðlast skilning á. Þessi merking lýsir nákvæmlega því sem börnin eru að gera í þessum leik. Með því að nota þetta óvenjulega orð er vakin athygli á því hve leikur barnanna er merkilegur og mikil reisin yfir honum. Börnin starfa af eigin hvötum ef þau fá viðeigandi hluti sjálf og fyrir sig sjálf án þess að þeir fullorðnu stýri þeim. Hlutirnir sem börnin fá í könnunarleik eru ekki venjuleg leikföng úr búð. Þetta eru alls konar hversdagslegir hlutir og ílát s.s. stórar dósir, kökubox, öskjur úr pappa eða tré, þvottaklemmur úr tré (gamaldags, ekki með gormi), ullardúskar, rör og pappahólkar, könglar, skeljar og margt, margt fleira. Það er ekki nýtt að börn leiki sér með það sem kallast verðlaust efni en hér er á ferðinni sérstök útfærsla á því að nálgast efniviðinn með ákveðinn tilgang í huga.

Hinn fullorðni stýrir ekki leiknum, en lykilatriði í könnunarleikjastund er að hann sé til staðar og með vakandi áhuga. Leikur sem barnið stjórnar sjálf felur í sér eigin umbun, þar sem hrós og athugasemdir eru óþarfar.

Könnunarleikjastund getur staðið í allt að 45 mínútur en þriðjung af tímanum þarf að nota til að taka saman. Tíminn, sem fer í tiltekt, er jafn mikilvægur tímanum sem fer í leik og er í raun framlenging á leiknum. Á meðan á leiknum stendur talar hinn fullorðni ekkert en í tiltektinni nefnir hann hlutina sem hann vill að barnið setji í hvern poka, og koma þá hugtökin þar inní eins og fyrir aftan, fyrir framan, undir, bakvið o.s.frv.



Elstu börnin

Elstu börn Leikskólans vinna að sérverkefnum í svokölluðum skólastundum einu sinni í viku. Náíð samstarf er á milli kennara elstu barnanna í Leikskólanum og 1. bekkjar Grunnskólans í Stykkishólmi til þess að sem mest samfella náist í nám þeirra.

Markmið:

- Að brúa bilið á milli skólastiganna og aðlaga börnin auknum kröfum í skólakerfinu, lengja úthald og einbeitingu.
- Að börnin læri að vinna saman í hópi jafnaldra.
- Að efla málvitund barna, auka orðaforða og málskilning.
- Að efla stærðfræðipekkingu barnanna og talnaskilning þeirra.
- Að börnin læri vönduð og sjálfstæð vinnubrögð og öðlist lífsleikni.
- Að börnin læri að taka tillit hvert til annars, bíða, hlusta, tjá sig í hóp og fari eftir fyrirmælum.
- Að börnin öðlist færni og öryggi í því að gera grein fyrir sér fyrir framan hópinn.
- Að börnin læri að skrifa og þekkja nafnið sitt, helstu form og hugtök, tölustafi frá 1-5, og læri rétt blýantsgrip.

Leiðir:

Kennarar Leik- og Grunnskólans funda reglulega til að ræða samstarfið, skipuleggja og skiptast á upplýsingum. Sameiginlegir foreldrafundir eru ákveðnir í byrjun og lok skólaársins. Í skólastundum er lögð áhersla á fastar venjur, upphaf og endi stunda. Börnin ganga í röð inn í stofu, eftir að hafa dregið sér númer sem segir til um það hvar þau eru í röðinni. Þau setjast í hring og eru boðin velkomin í skólastundina. Allir kynna sig, segja fullt nafn, hvar þau eiga heima og hvenær þau eru fædd. Börnin læra að hlusta og virða rétt þess sem talar, þau vita að röðin kemur að þeim. Þá setjast allir í sætin sín, sem eru merkt þeim, og vinna það verkefni sem er í boði hverju sinni. Stundin endar alltaf eins, sest í hring og farið með þuluna „Einn og tveir, inn komu þeir“, haldist í hendur og sagt eitthvað jákvætt við hvert annað, t.d. „Það var gaman að vera með þér í dag“, nefnum nafn hvers og eins og þökkum fyrir skólastundina. Áhersla er lögð á fáar og skýrar reglur sem fylgt er eftir.

Ýmis sérvalin verkefni eru lögð fyrir börnin til að þjálfva undirstöðupætti þess náms sem bíður þeirra í grunnskóla bæði varðandi undirstöðuatriði lestrar- og stærðfræðináms sem og ýmsa nauðsynlega færniþætti. Áhersla er lögð á að kenna börnunum að skrifa nafnið sitt og leiðbeina þeim um rétt pennagrip og þjálfva klippifærni þeirra. Kappkostað er að útvega börnunum hvetjandi efnivið til að gera rétt, svo sem þríhyrnda blýanta og liti, góð skæri og vandað námsefni. Við leggjum einnig inn grunnþætti Davis námstækninnar.

Elstu börnin æfa og sýna helgileik á litlu jólum Leikskólans og að vori er haldin sérstök útskriftarsamkoma þar sem þau ljúka formlega skólastundum. Þá er sett upp eins konar skólastund sem fjölskyldum barnanna er boðið á og verkefni dagsins er skuggaleikhús. Boðið er upp á kaffi og meðlæti sem börnin hafa útbúið. Að vori er



svo farið í útskriftarferð upp í Nýrækt og dvalið þar góða stund við fjársjóðsleit og leik á milli trjáanna. Námsáætlun þar sem viðfangsefni hverrar skólastundar eru sett fram, er send út reglulega yfir veturinn.

Markvisst er unnið að því að aðlaga börnin að flutningnum á næsta skólástig. Í haustbyrjun fara þau í heimsókn í Grunnskólann, ásamt kennara sínum, þar sem skólastjóri tekur á móti þeim og kynnir fyrir þeim starfseminu. Þau fara tvisvar yfir veturinn í „skiptinemaheimsóknir“ í 1. bekk í litlum hópum, en hópur 1. bekinga dvelur þá í Leikskólanum á meðan. Kennarar þeirra fylgja ekki með í þær heimsóknir en undantekning er þó gerð ef um börn með sérstuðning er að ræða. Væntanlegur grunnskólakennari tekur þátt í tveimur skólastundum í apríl og kynnir sig og hluta af væntanlegu námsefni fyrir nemendum.

Af og til eru sameiginlegar leiksýningar með Leik- og Grunnskóla, sameiginleg kirkjuferð er í desember þar sem 3. bekkur sér jafnan um helgileik, og leikskólabörnum er einnig boðið á lokaæfingu fyrir árshátíð yngri deilda Grunnskólans. Í maí er vorskóli í Grunnskólanum þar sem væntanlegur kennari barnanna í 1. bekk að hausti er með þeim í 3-4 daga og starf skipulagt þannig að þau kynnist sem flestu af því sem bíður þeirra þar. Elstu börn Leikskólans eru svo sérstakir gestir á skólaslitum Grunnskólans.

Lífsleikni

Lífsleikni byggist á alhliða þroska barns, færni þess til samskipta, rökrænnar tjáningar og til að bera virðingu fyrir umhverfi sínu. Í leikskóla læra börn lýðræðisleg vinnubrögð. Lífsleikni felst m.a. í því að virða reglur.

Börn mynda vináttutengsl og læra að virða agareglur. Unnið er með virðingu og umburðarlyndi, sjálfsmyndina, dygðirnar, samskipti kynja, vináttu, einelti, tiltekt og frágang. Börnin læra umferðarreglur og borðsiði en þá er einnig lögð áhersla á matinn og fæðuhringinn. Vettvangsferðir gefa marga möguleika í lífsleikni. Má þar nefna ferðir í fyrirtæki og stofnanir s.s. pósthús, banka, bakarí, verslun, frystihús, sjúkrahús og bifreiðaverkstæði. Hópastarf er lífsleikni og í frjálsa leiknum reynir á hana. Þar fara börn í heimilisleiki, snyrtileiki, læknisleiki og fleiri hlutverkaleiki sem kalla á félagsleg samskipti og reglur.



Samskipti

Mikilvægt er að góð samskipti myndist með foreldrum og starfsmönnum strax og barnið byrjar í Leikskólanum. Tekið er á móti öllum foreldrum með jákvæðu hugarfari og hlýju viðmóti. Dagleg samskipti eru mest þegar komið er með barnið og það sótt, sá tími er afar mikilvægur fyrir foreldrana. Gagnkvæmar upplýsingar milli foreldra og starfsmanna eru grunnur að góðu og traustu sambandi þeirra á milli. Til að foreldrar geti sótt sér upplýsingar á sem greiðastan hátt hefur verið útbúin foreldrahandbók með helstu upplýsingum, upplýsingatöflur hanga uppi við deildir og á heimasíðu Leikskólans er mikið af gagnlegum upplýsingum og fróðleik.

Markmið:

- Að öllum líði vel í Leikskólanum.
- Að veita foreldrum upplýsingar um líðan barnanna þeirra í Leikskólanum.
- Að veita foreldrum upplýsingar um hvað börnin eru að aðhafast í Leikskólanum.
- Að fá upplýsingar frá foreldrum um börnin, til að geta komið betur til móts við þarfir barnanna og skilið líðan þeirra.

Leiðir:

Starfsmenn hafa frumkvæði af því að bjóða góðan dag og láta foreldra finna að börnin þeirra skipti máli þegar þau koma í Leikskólann. Starfsfólk ber megin ábyrgð á daglegum samskiptum við foreldra. Starfsmenn segja foreldrum frá líðan barnanna og því helsta sem á daginn hefur drifið í Leikskólanum þegar tækifæri gefast. Einnig er lögð áhersla á að foreldrar upplýsi starfsmenn um hagi barnsins heima við.

Mikilvægt er að Leikskólanum berist upplýsingar ef um breytingar á högum barnanna er að ræða.

Lögð er áhersla á jákvæð samskipti kennara, nemenda og foreldra. Forsenda fyrir þeim er gagnkvæm virðing, tillitsemi og samábyrgð. Hinir fullorðnu eru fyrirmyndir barnanna og þurfa að vera mjög meðvitaðir um nauðsyn góðrar umgengni og að framfylgja reglum sjálf. Til að hvetja til jákvæðrar hegðunar er hrós notað. Reglur eru settar til þess að öllum geti liðið sem best og öryggis gætt.



Sérþarfir barna

Börn hafa mismunandi getu, reynslu og þroska. Taka þarf tillit til þarfa hvers einstaks barns svo það fái notið sín í hópi annarra barna á eigin forsendum. Gæta þarf þess að barnið einangrist ekki, njóti eðlilegra félagslegra tengsla og fái viðfangsefni við sitt hæfi. Styrkja ber sjálfsmynd barnanna, þau hafa þörf fyrir að vinna sigur þó um sé að ræða fötlun, hömlun eða veikindi, jafnt sem heilbrigð börn. (*Aðalnámskrá leikskóla 1999, 15*)

Markmið:

- Að bera virðingu fyrir sérkennum hvers barns.
- Að fylgjast vel með öllum þroskaþáttum hvers barns.
- Að starfsmenn fái handleiðslu og þá fræðslu sem þarf til að sinna sérþörfum hvers barns.
- Að umhverfi og aðstæður séu sniðnar að sérþörfum hvers barns.
- Að tengsl milli foreldra/forráðamanna og Leikskólans séu öflug og góð.

Leiðir:

- Starfsmenn og börn eru upplýst um sérþarfir barna á opinn og jákvæðan hátt. Öll erum við mismunandi hvað varðar þarfir og getu.
- Aðrir foreldrar eru upplýstir um sérþarfir barns ef nauðsyn ber til og foreldrar þess gefa leyfi.
- Útbúin er einstaklingsáætlun fyrir hvert barn sem nýtur sérkennslu er inniheldur þá áherslupætti sem þarf að vinna með hverju sinni.
- Sérfræðingar á vegum Félags- og skólaþjónustunnar og þroskaþjálfari á vegum Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra koma reglulega inn í Leikskólann með þá aðstoð, greiningu og ráðgjöf sem til þarf og halda fundi með foreldrum barnsins, sérkennara, sérkennslustjóra eða deildarstjóra eftir því sem við á hverju sinni.
- Sérkennsluherbergi er skipulagt til að börn með sérþarfir fái það næði og tíma sem þau þurfa við verkefni sín.
- Góð dagleg samskipti eru við foreldra/forráðamenn barna með sérþarfir og haldnir eru reglubundnir fundir þar sem farið er yfir stöðu mála auk þess sem samskiptabækur eru notaðar.
- Barn með sérþarfir er á ábyrgð allra starfsmanna og ber þeim að sinna því eins og öðrum börnum.



4. Samstarf heimilanna og Leikskólans

Boðið er upp á foreldraviðtöl einu sinni á vetri, venjulega í mars. Að öðru leyti er starfsfólkið tilbúið til að hitta og ræða við foreldra þegar þeir óska. Í skipulögðum foreldraviðtölum er farið yfir þroskapætti barnsins og rætt um hvernig barninu gengur og líður. Foreldrafundir eru einu sinni til tvisvar á ári. Þeir eru ætlaðir til kynningar og fræðslu fyrir foreldrana.

Við Leikskólann er starfandi foreldrafélag, sem allir foreldrar eru sjálfkrafa aðilar að. Félagið fundar að jafnaði einu sinni í mánuði og er fulltrúi starfsmanna Leikskólans á fundunum. Starfsemi félagsins hefur verið með ýmsum hætti, það hefur séð um fjöruferð, jólaföndur, sleðaferð, leiksýningar, íþróttadaga og vorferð. Foreldrafélagið hefur einnig staðið fyrir komu ljósmyndara og dansskóla. Foreldrar greiða ákveðið mánaðargjald. Aðalfundur er haldinn að hausti.

A.m.k. tvisvar á ári eru send inn á heimilin sönghefti með þeim textum sem áhersla er lögð á hverju sinni. Einnig eru reglulega send út fréttabréf, ýmist fyrir allan leikskólann eða frá deildum.

Opið hús, ömmu og afadagar o.þ.h. uppákomur eru ár hvert. Er þeim ætlað að kynna leikskólastarfið en ekki síst að efla tengslin á milli Leikskólans og aðstandenda barnanna.

Stefnt er að því að koma á tölvupóstsamskiptum við foreldra, auk þess er heimasíðan mjög virk og foreldrar hvattir til þess að nýta sér hana vel til þess að upplýsingastreymi megi verða sem best.

5. Samstarfsaðilar

Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga hefur séð um sérfræðiþjónustu fyrir Leikskólann. Hægt er að fá nánari upplýsingar hjá leikskólastjóra eða sérkennslustjóra.

Gott samstarf er við Grunnskólann, eins og kveðið er á um í lögum um leik- og grunnskóla. Tónlistarskólinn hefur nú bæst í það samstarf og unnið er markvisst að því að efla það enn frekar. Leikskólinn fékk styrk úr Þróunarsjóði leikskóla haustið 2003 til þess að vinna að því verkefni. Samstarfið felur m.a. í sér sameiginleg verkefni skólanna, gagnkvæmar heimsóknir nemenda, auk samstarfs kennara og samnýtingar námsgagna. Vorskóli elstu barna Leikskólans hefur verið í Grunnskólanum undanfarin ár. Þar kynnast börnin starfinu í Grunnskólanum í um viku tíma.

Sumarið 2003 hófst samstarf Leikskólans og Umf. Snæfells um íþróttaskóla barnanna á opnunartíma Leikskólans á sumrin.

Leikskólinn hefur einnig átt í góðu samstarfi við Amtsbókasafnið og Norska húsið og fleiri aðila í Stykkishólmi sem og leikskólana á norðanverðu Snæfellsnesi, en leikskólastjórar funda reglulega yfir vetrarmánuðina.



6. Mat á leikskólastarfinu

Fastir starfsmannafundir og deildafundir eru einu sinni í mánuði þar sem starfið síðasta mánuðinn er metið og framhaldið skipulagt. Deildastjórar og sérkennslustjóri funda einnig reglulega ásamt leikskólastjóra.

Leikskólinn á þrjá starfsdaga á ári, þá er lokað. Þá er starf Leikskólans skipulagt til langs tíma, haldið námskeið eða farið yfir eitthvað efni sem tengist starfsemi Leikskólans. Starfsmenn hafa einnig farið í náms- og kynnisferðir erlendis til að fá nýja sýn á starfið.

Mats- og gátlistar varðandi starfið, efnivið og aðstæður, ásamt athugunum og prófunum á börnum eru framkvæmd reglulega. Má þar nefna athugunarlista sem fylltir eru út fyrir hvern aldurshóp einu sinni á ári, fyrir foreldraviðtölin, Hljóm-2 athugun á hljóð- og málvitund elstu barnanna og Eckers-kvarðann sem tekur á flestum þáttum varðandi leikskólastarfsemina í heild þ.m.t. efnivið og aðstæður.

Skólanámskrána er stefnt á að endurskoða ekki skemur en á tveggja ára fresti.

7. Starfsmannahópurinn

Gott leikskólastarf byggir á góðum starfsmönnum. Stöðugleiki starfsfólks hefur verið einkennandi í Leikskólanum í Stykkishólmi og nýtur starfið góðs af því. Starfsmenn eru fyrirmyndir barnanna. Ánægðir starfsmenn í góðu jafnvægi eru bestu kennararnir og því ber að hlúa vel að velferð þeirra, jafnt sem barnanna. Jákvæður og góður andi í starfsmannahópunum stuðlar að hamingjusömu og sjálfstæðu barni.

Markmið Leikskólans eru að:

- stuðla að stöðugu starfsmannahaldi.
- hafa í vinnu hæft, traust, áhugasamt starfsfólk sem viðhefur hlýtt og glaðlegt viðmót gagnvart nemendum, foreldrum og hverjum öðrum og leggur sig fram í starfinu.
- stuðla að virkri endurmenntun starfsmanna.
- starfsmenn séu jákvæðir og ánægðir í garð starfsins og færir í að nýta óvænt tækifæri og augnablik sem bjóðast nær daglega.
- byggja á mannauðnum og leita leiða til þess að einstaklingarnir njóti sín sem best.
- vera með opinn gagnrýninn hug gagnvart nýjungum og þróun í faglegu starfi.
- vera með vakandi auga fyrir of miklu vinnuálagi sem skapast getur og leita leiða til úrbóta.
- að hvetja starfsmenn til að endurmeta árangur sinn hverju sinni til að byggja áframhaldandi vinnu á.
- viðhafa kröftuga umhverfisstefnu sem starfsmenn eru virkir þátttakendur í.
- starfsmenn séu börnunum góðar fyrirmyndir í einu og öllu og tileinki sér jákvætt hugarfar, gleði og virðingu.



- starfsmönnum sé gefinn kostur á því að halda úti öflugum starfsmannafélagi og byggja upp samkennd og samhug.
- viðhalda góðu samstarfi og gagnkvæmu trausti starfsmanna á deildum og á milli deilda.
- auka starfsánægju, almenna vellíðan og árangur starfsmanna.
- ávallt sé staðið við réttindi og skyldur starfsmanna.
- vinnuáðstæður, félagslegt umhverfi og hollustuhættir séu í góðu horfi.
- starfsmenn tileinki sér sveigjanleika í starfi og ákveðna aðlögunarhæfni, ábyrgð, sjálfstæði og frumkvæði.

Leiðir:

Stefnt er að því að góður tími sé gefinn til samráðs, upplýsingastreymis og að öll skilaboð séu skýr. Leikskólastjóri heldur reglulega fundi með aðstoðarleikskólastjóra, deildastjórum og sérkennslustjóra til að ræða málefni er varða starfsemi Leikskólans, skipulagningu og fleira sem til fellur.

Starfsmannafundir og deildafundir eru að jafnaði haldnir einu sinni í mánuði þar sem starfið er reglulega endurmetið og áframhald skipulagt, upplýsingum komið á framfæri og hugmyndum deilt. Matráður og fulltrúar frá öllum deildum funda 2-3 sinnum á ári til að fara yfir hugmyndir að matseðlum og fleira. Umhverfishópur heldur utan um endurvinnsluáætlun Leikskólans og fundar reglulega, auk annarra hópa sem settir eru saman vegna einstakra verkefna sem til falla hverju sinni. Upplýsinga- og vinnufundir sem þessir viðhalda samvinnu og auðvelda einnig afleysingar á milli deilda.

Um móttöku og þjálfun nýrra starfsmanna sjá leikskólastjóri og deildastjórar. Leikskólastjóri tekur á móti nýjum starfsmönnum og kynnir fyrir þeim skólanámskrá Leikskólans og aðbúnað. Deildarstjóri viðkomandi deildar hefur síðan umsjón með því að koma starfsmanninum inn í starfið. Starfsmenn eru hvattir til að kynna sér vel stefnur, markmið og vinnureglur Leikskólans og leitast við að hafa þær að leiðarljósi í öllu sínu starfi. Drög að starfsmannahandbók er til á tölvutæku formi og upplýsingamöppur um deildir er að finna á hverri deild. Dagbók, sem allir fundir eru skráðir í er tiltæk á hverri deild, starfsmönnum til upplýsingaöflunar. Á vinnustofu starfsmanna er að finna ýmsan faglegan fróðleik og hugmyndir að verkefnum sem starfsmenn eru hvattir til að kynna sér í undirbúningstímum. Þegar nemandur eiga leið sína um Leikskólann ber að greiða þeim götu við nám sitt eins vel og kostur er.

Starfsmannafélag Leikskólans í Stykkishólmi er virkt félag, sem kosið er í á hausti hverju. Stendur stjórn þess og aðrir starfsmenn fyrir ýmsum uppákomum, s.s. litlu jólum starfsmanna, þátttöku í árshátíð Stykkishólmsbæjar, leikhúsferðum, óvissuferðum o.fl. auk þess sem skipulagðar hafa verið náms- og kynnisferðir erlendis í tvígang. Starf sem þetta er mikilvægt til að efla starfsandann og ánægju í starfi.

Starfsmönnum gefst kostur á að sækja eitt eða fleiri námskeið árlega og símenntunaráætlun fyrir skólaárið framundan er gerð á hverju hausti. Starfsmenn



eru hvattir til að nýta sér réttindi sín í vísinda- og endurmenntunarsjóðum stéttarfélaganna sinna til að verða sér úti um meiri þekkingu á starfinu. Þeir starfsmenn sem hyggja á fagmenntun á sviði leikskólafræða eru hvattir til þess. Stykkishólmsbær hefur í gildi reglur um styrki til náms á háskólastigi til starfsmanna sinna sem samhliða starfi stunda fjarnám á háskólastigi á sínu starfssviði sem og þá starfsmenn sem hyggja á fjarnám til starfsréttinda á sínu starfssviði við aðrar viðurkenndar skólastofnanir.

Starfsmenn Leikskólans hafa að baki margvíslega reynslu og þekkingu og er virkjun mannauðsins viðurkennd stefna í Leikskólanum. Starfsmenn eru hvattir til að virkja styrkleika sína og hæfileika og þar með njóta sín betur í starfi og auðga starfið um leið. Hefur valkerfi sem byggir á þessari stefnu m.a. verið í þróun. Lögð er áhersla á það að fagfólk sé starfandi á öllum deildum.

Starfsmenn eru hvattir til hreinskilni, til að leita upplýsinga á réttum stöðum og vera óhræddir við að segja skoðanir sínar á málefnalegan hátt. Trúnaðarmenn eiga að vera sýnilegir og aðgengilegir innan Leikskólans og mikilvægt að störf þeirra innan verkalýðsmála séu virt. Starfsmenn eru einnig hvattir til þess að gæta að andlegri og líkamlegri heilsu sinni eins vel og kostur er. Starfsmönnum ber að virða hvern annan og hrósa ásamt því að hvetja hvorn annan til sjálfstæðis og frumkvæðis. Þeir þurfa að hlusta á hvorn annan og virða skoðanir hvers annars. Hvatt er til samábyrgðar og góðrar liðsheildar, hreinskilni og heiðarleika þar sem baktal er fordæmt. Hlýlegar móttökur og kveðjur, stundvísi og virðing á tíma hvers annars er viðurkennt viðmót í Leikskólanum. Starfsmenn leggja sig fram um að leysa fljótt og vel úr ágreiningsmálum og taka athugasemdir og ábendingum á jákvæðan hátt, sem og að læra af mistökum sínum.

Starfsmenn Leikskólans í Stykkishólmi eru bundnir þagnarskyldu um öll trúnaðarmál svo og hagi barna og foreldra þeirra.